

SHANDÖR  
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is  
Slysabætur



Eigulegur gripur

Diðrik Steinsson og Jónas Valtýsson  
sigrðu í umbúðakeppni Odda, FÍT  
og Norræna hússins.  
allt



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

5. mars 2012  
55. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt vörðslukortun Capacent Gallup júlí - september 2011



Til Japans

Sveitin Pascal Pinon er á leiðinni í tónleikaferð til Japans.

fólk 26

Snýst ekki um fegrun

„Ég er íhaldsmaður í brjóstaspursmálinu,“ segir Guðmundur Andri.

skoðun 13




Tvö draumamörk

Gylfi Þór Sigurðsson lét til sín taka í ensku úrvalsdeildinni um helgina.

sport 22

veðrið í dag



**BÚST VIÐ STORMI** Sunnan- og vestantil. Í dag má búast við strekk- ingi V-til en það hvessir í kvöld bæði S- og V-til. Bætur í úrkomu. Bjart A- til framan af degi en dregur svo fyrir.

VEÐUR 4

## Segir Guðlaug Þór hafa komið gögnum í Kastljós

Gunnar Andersen, fyrrverandi forstjóri FME, telur að Guðlaugur Þór Þórðarson hafi komið gögnum um sig til Kastljóss. Gunnar er kærður fyrir að hafa nálgast bankagögn um Guðlaug Þór með ólöglegum hætti.

### Örvæntingarfull tilraun Gunnars

„Það er bara ekki svo gott að ég stýri Kastljósi enda myndu menn sjá öðru- vísi efnistöku ef svo væri,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson þegar Fréttablaðið bar málið undir hann í gær. „Þetta er örvæntingarfull tilraun manns með slæma samvisku og hann verður að svara sjálfur fyrir sínar gjörðir.“

**LÖGREGLUMÁL** Gunnar Andersen, fyrrverandi forstjóri Fjármála- eftirlitsins telur alþingismann- inn Guðlaug Þór Þórðarson hafa komið gögnum um sig til Kast- ljóss og að þau gögn hafi verið undirstaðan í umfjöllun þáttarins um hann í nóvember síðastliðnum. Stjórn FME kærði Gunnar til lög- reglu fyrir helgi vegna gruns um að hann hafi brotið af sér í starfi með því að hafa, með ólöglegum hætti, aflað sér upplýsinga um Guðlaug Þór.

„Það er fullt mín eyru, af mönnum sem ég treysti og trúi, að Guðlaugur Þór hafi komið gögn- unum til Kastljóss sem umfjöllun

þáttarins um mig byggði á,“ segir Gunnar. Hann vill ekki gefa upp hverjir það eru sem hafa fullt þetta. Gunnar telur einnig aug- ljóst að miklu magni af gögnum um hann hafi verið lekið út úr Landsbankanum í þeim tilgangi að koma höggi á hann. Þá hafi skýrslur sem teknar hafi verið af

honum hjá lögreglu í tengslum við rannsókn á Hauki Þór Haralds- syni, fyrrverandi starfsmann Landsbankans, einnig ratað til fjölmiðla.

Stjórn FME sagði Gunnari upp störfum á föstudag og kærði hann til lögreglu vegna meintra brota í starfi. Kærumálið varðar upplýs-

ingar um fjármál Guðlaugs Þórs sem Gunnar er talinn hafa aflað með ólöglegum hætti. Þrjú menn voru yfirheyrðir vegna þess máls á föstudag. Auk Gunnars voru Ingi F. Vilhjálmsson, fréttastjóri DV, og starfsmaður Landsbankans, sem grunaður er um að hafa aflað gagnanna fyrir Gunnar, yfirheyrðir.

DV birti frétt á miðvikudag sem talin er byggja á gögnunum.

Aðspurður hvort hann hafi komið gögnunum til DV, segist Gunnar ekki vilja tjá sig. „Ég hef gefið skýrslu um mína hlíð í máli- nu. Meira get ég ekki sagt enda málið enn í rannsókn.“

- þsj



ENN EINN SIGURINN Guðmundur hefur sýnt ótrúlega yfirburði í borðtennisíþróttinni hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Guðmundur E. Stephensen: 19 titlar fyrir þrítugsafmælið

**BORÐTENNIS** Guðmundur Eggert Stephensen varð í gær Íslands- meistari í borðtennis í nítjándna sinn á ferlinum eftir sigur á Kára Mímíssyni í úrslitaleik, 4-0. Guðmundur er aðeins 29 ára gamall og árangurinn því með ólíkindum.

Hann var ellefu ára gamall þegar hann vann sinn fyrsta titil en það var árið 1994. Guð- mundur verður þrítugur nú í sumar. Hann varð meistari í tvíliðaleik, með Magnúsi K. Magnússyni og í tvenndarleik með Evu Jósteinsdóttur.

Í kvennaflokki fagnaði Lilja Rós Jóhannsdóttir sigri en hún hafði betur gegn Evu í úrslitaleik, 4-3. Þetta var fyrsta Íslandsmót Lilju eftir að hún eignaðist tvíbura í fyrra en hún er fjögurra barna móðir.

- esá

## Ólafur Ragnar Grímsson býður sig fram að nýju en vill hætta á kjörtímabilinu: Situr á forsetastóli uns óvissu er eytt

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson hyggst gefa kost á sér í forsetakosningunum í sumar en hyggst hætta áður en kjörtímabilinu lýkur ef þá hafi skapast stöðugleiki í stjórnskipun og stjórnarfarir landsins og staða Íslendinga í samfélagi þjóðanna hafi skýrst.

Að sögn Ólafs hafa aldrei fyrr í sögunni jafn margir grundvallarþættir í stjórnskipun og þjóð- félagsmálum okkar Íslendinga verið jafn ríkulega háðir óvissu. Margir hafi því talið það skyldu hans að breyta ákvörðun sinni um að láta af embætti. Óvissu varðandi stjórnarskrána og stöðu forsetans í stjórnskipuninni verði vonandi eytt á næsta ári.

Ólafur segir forsetaembættið umfram önnur embætti í landinu helgað fullveldisstöðu Íslendinga. Eðlilegt sé að þeir sem hafi viljað að hann breytti ákvörðun sinni vilji hafa tryggingu fyrir því að sá einstaklingur sem gegnir embætti forsetans muni hlusta á vilja og óskir þjóðarinnar.

„Öll þessi mál hafa auðvitað skapað slíka óvissu að mjög margir telja að það væri hættuspil að auka á þá óvissu enn frekar með því að ég myndi hverfa héðan af Bessastöðum. Það er þau rök sem margir hafa flutt við mig af miklum þunga,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson.

- gar / sjá síðu 8

Paratabs®  
actavis

Mannvinir  
Rauða krossins  
hjálpa börnum í neyð

Hjálpaðu núna  
raudikrossinn.is

Rauði kross Íslands

Endurlifðu gamlar minningar á DVD

4 fyrir 3  
af filmum yfir á DVD  
Borgar fyrir þá dýrari

GAGNVIRKNI  
www.gagnvirkni.is - 5174511  
Hamraborg 1, Kópavogi

Gildir til 9. mars





Jónína, er bókin léttmeti?

„Hún inniheldur ekki eina einustu hitaeningu.“

Jónína Leósdóttir rithöfundur gaf nýlega út bókina Léttir, sem fjallar um baráttu hennar við aukakíló.



ÖNÝTT HEIMILI Lítid var eftir af húsi þessara manna. NORDICPHOTOS/AFP

Fárvíðri í Bandaríkjunum:

## Mörg hús gereyðilögðust

**BANDARÍKIN, AP** Mikið tjón varð í fárvíðri í gær í sunnanverðum Bandaríkjunum, aðeins tveimur sólarhringum eftir að álíka fárvíðri varð á sömu slóðum.

Mörg hús gereyðilögðust og sums staðar fuku bifreiðar langar leiðir. Nokkrir létu lífið.

Einnar mest varð tjónið í smáþorpum í sunnanverðu Idaho og vestanverðu Kentucky-ríki. Í bænum West Liberty í Kentucky urðu skemmdir á öllum húsum. - gb

Hugo Chavez bjartsýnn:

## Segist nú alveg laus við æxlið

**VENESÚELA, AP** „Ég mun lifa,“ skrifði Hugo Chavez, forseti Venesúela, á Twitter-síðu sína í gær, eftir að hafa gengist undir skurðaðgerð á Kúbu vegna krabbameins.

Hann kom síðan fram í sjónvarpi og sagðist nú vera alveg laus við æxlið, læknum hafi tekist að fjarlægja það með öllu.

Þetta var hins vegar illkynja æxli, á stærð við hafnabolta og á sama stað og álíka stórt æxli sem fjarlæggt var úr honum síðasta sumar. Hann hefur ekki gefið upp nákvæmlega hvar í líkama hans æxlið var, nema hvað það hafi verið á mjaðmasvæði líkamans. - gb



HUGO CHAVEZ

Atli Aðalsteinsson hefur spilað golf í Vestmannaeyjum í 49 ár:

## Lætur brimið ekki hafa áhrif

**FÓLK** „Ég byrjaði 12. apríl 1963, það var föstudagurinn langi. Þetta man ég nákvæmlega,“ segir Atli Aðalsteinsson í Vestmannaeyjum, sem hefur spilað á golfvellingum þar í 49 ár með hléum.

Þrjár holur á golfvellingum eru alveg við sjóinn og því er oft talsvert brim þar. Atli segir þó að hann hafi sjaldan eða aldrei séð eins mikið brim og fyrir helgi, þegar myndin var tekin. „Veðrið var aftur á móti mjög gott þennan dag, það var blankalogn. Ég segi stundum að þetta sé himnaríki á jörð, Herjólfsdalur.“ - þeb



ÚFINN SJÓR Í EYJUM Sautjanda hola golfvallarins er skemmtilegust að mati Atla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Ótrúlegar vinsældir Apple:

## 25 milljarða markinu náð

**TÆKNI** Notendur vefverslunar Apple, App Store, hafa náð í 25 milljarða af smáforritum frá því að verslunin opnaði árið 2007. Áfanganum var náð í gær og fékk hinn heppni kaupandi 10.000 dollara inneign í verðlaun. Apple tilkynnti að áfanganum hefði verið náð á heimasíðu sinni um helgina en gefur hvorki upp hver kaupandinn var né hvaða smáforrit viðkomandi keypti.

Á síðustu 14 mánuðum hafa notendur App Store náð í um 15 milljarða smáforrita. - þep

# Tuttugu pósthúsum lokað frá árinu 1998

Íslandspóstur tapaði 144 milljónum króna í fyrra. Fyrirtækið kallar á meiri sveigjanleika í afhendingartíma bréfa og í reglum um póstkassa. Fyrirhugaðri lokun póstafréttis í Mjódd er mótmælt. Sú lokun yrði númer 21 síðan 1998.


**VIÐSKIPTI** Með lokun pósthúss Íslandspósts í Mjódd hefur Íslandspóstur lokað 21 pósthúsi frá stofnun félagsins árið 1998. Pósthúsið er jafnframt það fimmta sem lokað er á höfuðborgarsvæðinu.

„Til að leita lausna á landsbyggðinni hefur Íslandspóstur einnig farið í samstarf með 38 aðilum um pósthjónustu á ákveðnum svæðum, svo sem Landsbankanum, sparisjóðum og kaupfélögum,“ segir í tilkynningu Íslandspósts í gær.

Lokun pósthússins í Mjódd hefur verið mótmælt af íbúasamtökum í Breiðholti og hafa þau notið stuðning Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa, en hann hefur lýst fyrirætlunum um að kæra til úrskurðarnefndar heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til Íslandspósts til að loka pósthúsinu. Með tilkynningu sinni í gær vildi Íslandspóstur áréttta að erfðileikar í rekstri skýri ákvörðun um lokun.

Á sama tíma og upplýst var um þá fyrirætlun að loka pósthúsinu í Mjódd birti Íslandspóstur uppgjör fyrir síðasta ár, en tap félagsins á árinu 2011 nemur 144,3 milljónum króna. Árið 2010 skilaði fyrirtækið hins vegar tæplega 93 milljóna króna hagnaði. Tekjur fyrirtækisins námu rúmum 6,5 milljónum króna í fyrra, jukust um þrjú prósent milli ára.

Í tilkynningu um uppgjör ársins kemur fram að grípa þurfi til frekari hagræðingaraðgerða. Þannig horfi stjórn og stjórnendur Íslandspósts til frekari hagræðingar sem megi og þurfi að ná „með auknum sveigjanleika í afhendingartíma bréfa og breytingum á reglum um staðsetningu bréfa“. Í tilkynningu félagsins í gær kemur



jafnframt fram að auk fækkunar á dreifingardögum og færslu póstkassa út að lóðarmörkum, sé horft til verðhækkana og annarra breytinga á þjónustustigi.

Íslandspóstur hefur upplýst að bréfasendingar hafi dregist verulega saman á undanförunum árum. Þannig hafi einkabréfasendingum fækkað um 30 prósent frá árinu 2006. „Spáð er áframhaldandi magnminnkun og er áætlað að bréfamagn muni minnka enn um

allt að 16 prósent til ársins 2015,“ sagði í uppgjörstilkynningu.

Eins var bent á að reglur um bréfadreifingu kvæðu á um dreifingu í öll hús alla virka daga ársins, þar sem því verði við komið. „Og nær sú þjónusta til 99,8 prósent heimila og fyrirtækja á landinu.“ Almennar kostnaðarhækkunar vegna launa- og verðlagsþróunar eru sagðar hafa leitt til hækkunar á föstum kostnaði.

olikr@frettabladid.is



HORFIR TIL SUÐURS Kim Jong Un virðir fyrir sér óvininn. NORDICPHOTOS/AFP

## Viðbúnaður á landamærum: Kim Jong Un til landamæra

**NORÐUR-KÓREA, AP** Kim Jong Un, hinn ungi leiðtogi Norður-Kóreu, lagði í gær leið sína að einskismannsvæðinu á landamærunum milli Norður- og Suður-Kóreu.

Landamæranna er vel gætt beggja vegna, en öryggisgæslan norðanmegin var eflað til muna þegar Kim hélt þangað í gær.

Þetta er í fyrsta sinn sem hann kemur að landamærunum frá því faðir hans, Kim Jong Il, lést í desember eftir að hafa stjórnað landinu í sautján ár. - gb

## Jóhannes Jónsson selur: Selur sinn hlut í SMS-keðjunni

**VIÐSKIPTI** Jóhannes Jónsson, eigandi Apogee og stofnandi Bónuss, hefur selt helmingshlut sinn í fær-eyksu verslana-keðjunni SMS til tveggja fær-eyskra kaup-sýslumanna.

SMS á og rekur tíu verslanir í Færeyjum þar sem nokkrar þeirra er að finna í samnefndri verslunarmíðstöð, sem þó er ekki í eigu félagsins. Fimm af verslunum tíu eru Bónusverslanir sem SMS á. Það rekur auk þess nokkra veitingastaði í Færeyjum.



JÓHANNES JÓNSSON

Svavar Hávarðsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, vann til Blaðamannaverðlauna:

## Verðlaun fyrir díoxíniumfjöllun

**FIJLMIDLAR** Svavar Hávarðsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, var valinn rannsóknarblaðamaður ársins á þegar Blaðamannaverðlaunin voru veitt á laugardag. Þá átti Daníel Rúnarsson, ljósmyndari blaðsins, bestu mynd ársins, sem var einnig valin fréttaljósmynd ársins.

Svavar hlaut verðlaunin fyrir fréttatflutning af díoxíniummengun frá sorpbrennslum. Í umsögn dómnefndar kemur fram að skrif Svavars hafi byggt á umfangsmikilli og vandaðri gagnavinnslu og dregið ýmsa vankanta og glöppur í stjórnsýslu umhverfismála fram í dagsljósið. „Afhjúpanir Fréttablaðsins urðu tilefni almennra fréttu og umfjöllunar í samfélaginu og áttu stóran þátt í að farið var í ýmiskonar úttektir og rannsóknir á þessum málum,“ segir í rökstuðningnum.



VERÐLAUNAHAFAR Helga Arnardóttir, Svavar Hávarðsson, Daníel Rúnarsson og Baldur H. Jónsson unnu til verðlauna á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Helga Arnardóttir, fréttamaður á Stöð 2, hlaut verðlaun fyrir umfjöllun ársins. Hún fjallaði ítarlega um Geirfinnsmálið í Íslandi í dag. Jón Björgvinsson, fréttaritari Ríkisútvarpsins, fékk blaða-

mannaverðlaun ársins fyrir fréttatflutning sinn af vettvangi arabíska vorsins. Þá var Baldur Hafnkell Jónsson, myndatökumaður á Stöð 2, verðlaunaður fyrir besta myndskreið. - þeb

**Sérfræðingar í stafrænum heyrnartækjum**

ÓKEYPIS HEYRNAR-MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



# Við bjóðum góða þjónustu



## Okkar markmið er að gera góða þjónustu betri

Viðskiptavinir Íslandsbanka eru ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni 2011.

Við erum stolt af þessum árangri sem er okkur mikil hvatning til að halda áfram á þeirri braut að gera góða þjónustu á öllum sviðum enn betri.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000





GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	125,5 126,1
Sterlingspund	199,77 200,75
Evra	166,22 167,16
Dönsk króna	22,355 22,485
Norsk króna	22,387 22,519
Sænsk króna	18,83 18,94
Japanskt jen	1,5384 1,5474

SDR 193,86 195,02

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
228,9994

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Versta lestarslys í Póllandi í meira en tvo áratugi kostar á annan tug manna lífið:

# Tvær lestir mættust á teinunum

**PÓLLAND, AP** Að minnsta kosti sextán manns létust og nærri sextíu slösuðust, sumir lífshættulega, í versta lestarslysi sem orðið hefur í Póllandi í meira en tvo áratugi.

Orsök slyssins var sú að tvær lestir mættust á sömu lestarteinum og rákust á. Önnur lestanna var á rangri braut, en stuttu áður en slysið varð hafði verið unnið að viðhaldi á lestarteinunum.

Fremstu vagnarnir í hvorri lest voru gerónýtir og nokkrir vagnar ultu á hliðina við höggið.

„Ég rakst á manneskjuna fyrir framan mig. Ljósín slökkuðu. Allt

fór á flug,“ sagði einn farþeganna, sem rætt var við á pólskri fréttastöð. „Við flugum eftir vagninum eins og tóskur. Við heyrðum fólk öskra. Við báðum bænir.“

Slysið varð skammt frá bænum Szczecociny og þustu íbúar út til að hjálpa farþegum, sem sumir þurftu aðstoð við að komast út úr lestinni en aðrir stóðu ringlaðir með handfarangur fyrir utan.

„Þetta er afar sorglegur dagur og nótt í sögu pólsku járnbrautanna og fyrir okkur öll,“ sagði Donald Tusk, forsætisráðherra Póllands.



FREMSTU VAGNAR BEGGJA LESTA GJÖR-  
EYÐILÖGÐUST Íbúar bæjarins Szczecociny þustu út til að hjálpa farþegum.

NORDICPHOTOS/AFP

Hús skemmdist mikið í eldi:

# Björguðust úr brennandi húsi

**BRUN** Þrjú björguðust út úr brennandi húsi í Borgarfirði í gær. Tilkynnt var um eldsvoða í einbýlishúsi að Bjargarsteini í Stafholtstungum í hádeginu í gær. Allt tiltækt slökkvilið Borgarbyggðar var kallað út og gekk vel að slökkva eldinn. Íbúar í húsinu komust út af sjálfsdáðum og sluppu ómeiddir.

Miklar skemmdir urðu á húsinu að innan en lítið sér á því að utanverðu. Upptök eldsins má rekja til óvitaskaps hjá barni að sögn lögreglu.

- þeb

## Datt niður í sprungu Sat fastur í rúma 5 tíma

**SVÍPJÓÐ** Hinum þriggja ára gamla Leó var bjargað upp úr sprungu rétt fyrir utan Kristianstad í suð-urhluta Svíþjóðar í gær. Drengurinn féll niður um 30 cm breiða sprungu á útivistarsvæði þar sem hann var í göngutúr ásamt foreldrum sínum.

Sprungan reyndist vera of þröng til að björgunarmenn kæm-ust ofan í hana og var því reynt að ná til drengsins með sérstök-um prikum. Ekki sást í Leó en björgunarsveitarmenn heyrðu vel í honum og eftir fimm og hálfan tíma náðist loks að toga hann upp úr sprungunni. Leó var ómeidd-ur en að vonum skelkaður eftir atvikinu.

- áþ

Vopnað rán í 10-11 í gær:

## Ógnaði starfsfólki með hníf

**LÖGREGLUMÁL** Vopnað rán var framið í verslun 10-11 í Grímsbæ við Bústaðaveg snemma í gærmorgun. Maður ógnaði starfsfólki verslunarinnar með hníf og hafði á brott með sér fé.

Starfsfólk í versluninni gaf lögreglu góða lýsingu af mannum og skömmu síðar var maður handtekinn á Rauðarárstíg. Lýsing starfsfólksins á ránsmanninum passaði við þann handtekna og er hann grunaður um ránið. Hann var undir áhrifum fíkniefna.

- þeb

### LÖGREGLUMÁL

#### Handtekinn fyrir líkamsárás

Maður var handtekinn vegna líkamsárásar við veitingastað í Bæjarlind í Kópavogi. Maðurinn var auk þess ölvæður og fór ekki að fyrirælum lögreglu.

# Geir fer í vitnastúkuna í dag

Aðalmeðferð hefst fyrir Landsdómi í dag þar sem sakborningurinn Geir H. Haarde mun bera vitni. Auk þess er gert ráð fyrir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir beri líka vitni. Aðalmeðferð á að ljúka 16. mars.

## Ákæruhljóðir fjórir gegn Geir H. Haarde

**Alþingi ákvað í september 2010 að stefna Geir fyrir Landsdóm. Honum var birt ákæra í sex liðum. Tveimur þeirra var vísað frá dómi í október síðastliðnum en fjórir standa eftir:**

■ Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármála-stöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætlunum árangri.

■ Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

■ Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi lcesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

■ Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskaði er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Forsætisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.



**LANDSDÓMUR** Aðalmeðferð í málinu gegn Geir H. Haarde hefst fyrir Landsdómi í dag. Á sjötta tug vitna kemur fyrir dóminn, en gert er ráð fyrir að aðalmeðferð málsins standi til loka næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 15 dómendur

Landsdóm skipa fimmtán dómendur. Það eru hæstaréttardómaramir **Markús Sigurbjörnsson**, sem er forseti Landsdóms, **Ingibjörg Benediktsdóttir**, **Garðar Gíslason**, **Gunnlaugur Claessen**, **Benedikt Bogason** og **Viðar Már Matthíasson**. Þá er einnig í dómnum **Helgi I. Jónsson**, dómstjóri Reykjavíkur. Átta voru kosnir af Alþingi. Það eru þau **Linda Rós Michaelssdóttir** kennari, **Hlökkver Kjartansson** hæstaréttarlögmaður, **Vilhjálmur H. Vilhjálmsson** hæstaréttarlögmaður, **Sigrún Magnúsdóttir**, fyrrverandi borgarfulltrúi, **Fannar Jónsson** viðskiptafræðingur, **Brynhildur Flóvenz**, dósent við lagadeild HÍ, **Magnús Reynir Guðmundsson**, fyrrverandi bæjarfulltrúi á Ísafirði, og **Ástríður Grímsdóttir** héraðsdómari.



## Subaru Forester 4wd

Árgerð 2009, ekinn 31.000 km.

Verð 3.390.000 kr

► **Tilboð 2.950.000 kr.**

## ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Krókhálsi 11 · Sími 590 2160 · askja/notadirlbilar.is




## VEÐURSPÁ

**Snjólaug Ólafsdóttir**  
veður-  
fréttamaður

**HVESSIR** Hvassviðri eða stormur S- og V-til í kvöld og nótt. Heldur rólegra á morgun en hvekkir S-til annað kvöld og von á strekkingi um allt land á miðvikudaginn. Úr-koma á sunnan- og vestanverðu landinu næstu daga. En daginn er a.m.k. alltaf að lengja.

Á MORGUN 8-15 m/s V-til framan af degi, annars hægari



MÍÐVIKUDAGUR Strekkingur eða allhvasst.

### HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	11°
Berlín	9°
Billund	4°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	6°
Gautaborg	3°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	21°
London	8°
Mallorca	12°
New York	5°
Orlando	23°
Ósló	2°
París	9°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádeg.



Ertu að leita  
upplýsinga?  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is)



Way of Life!



# Suzuki Swift

## Auðsýnilegur



Verð frá 2.450 þús.  
Eyðsla frá 5,0L/100km  
(blönduðum akstri, beinskiptur)  
CO<sup>2</sup> 116g/km



Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár  
enn betri og flottari - stærri og rúmbetri og með  
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél. Býðst beinskiptur  
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.  
Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með  
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftþúðum sem staðalbúnaði.



FYRIR SKYNSAMT FÓLK



**SUZUKI**

TRAUST UMBOÐ  
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • [WWW.SUZUKI.IS](http://WWW.SUZUKI.IS)



## KJÖRKASSINN



Hefur þú farið í bíó á árinu?

Já	32%
Nei	68%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlarðu að fylgjast með Landsdómi?

Segðu skoðun þína á vísir.is



## Átök milli hers og al-Kaída: 30 hermenn féllu í átökum

**JEMEN** Til átaka kom milli jemenskra hermanna og vígamanna sem hliðhollir eru hryðjuverkasamtökunum al-Kaída í suðurhluta Jemens í gær.

Áð minnsta kosti 30 hermenn létust í átökunum en talið er að 14 hafi fallið úr röðum vígamanna.

Átökin brutust út í kjölfar tveggja sjálfsmorðsprengjuárása í borginni Zinjibar í Jemen í gær. Sex létust í sprengjuárásunum samkvæmt fjölmiðlum í Jemen.

## Lögreglan leitaði 12 ára pilts: Svefngengill í röngu herbergi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitaði í nótt að 12 ára dreng sem tilkynnt var um að væri horfinn af herbergi sínu á hóteli í Mjólnisholti í Reykjavík.

Leit hófst í nágrenni hótelsins að drengnum, sem hafði verið sofandi.

Drengurinn sem á það til að ganga í svefni fannst síðar inni á öðru herbergi hótelsins.

## LÖGREGLUMÁL

## Sló með skóflu

Leigubílstjóri óskaði eftir aðstoð lögreglu aðfaranótt sunnudags eftir að óánægður viðskiptavinur hafði barið með skóflu í bifreið hans á Laugavegi. Maðurinn hafði reiðst þegar leigubílstjórinn meinaði honum að taka skófluna með sér í bílinn. Hann var handtekinn og fékk að gista fangaeymslur.

# Mál sem getur gefið fordæmi fyrir önnur umboðssvikamál tengd hruninu enn ekki á dagskrá Hæstaréttar: Exeter-mál sérstaks saksóknara bíður Landsdóms

**DÓMSMÁL** Mál sérstaks saksóknara gegn fyrrverandi stjórnendum Byrs og MP banka, svokallað Exeter-mál, er eitt fjölmargra sem verður ekki tekið fyrir í Hæstarétti fyrir en eftir að dómur fellur í Landsdómi í máli Geirs H. Haarde.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að engin stór eða fordæmisgefandi mál hafi verið tekin á dagskrá Hæstaréttar frá 13. febrúar og verði ekki fyrir en dómur fellur í Landsdómi. Slík mál eru nær alltaf dæmd af fimm reynslumestu dómurum réttarins, en fjórir þeirra eru uppteknir við störf í Landsdómi.

Í Exeter-málinu voru Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparisjódustjóri Byrs, Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður

Byrs, og Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka, ákærðir fyrir umboðssvik með því að lána félaginu Exeter Holding fyrir kaupum á bréfum í Byr af starfsmönnum bankans. Þeir voru allir sýknaðir í héraðsdómi í lok júní í fyrra.

Málið getur haft fordæmisgildi, en Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir þó að engin mál séu í biðstöðu hjá embættinu vegna þess og bendir á að tvær ákærur vegna umboðssvika hafi nýlega verið gefnar út.

„Við höfum sagt það að fordæmin í þessum fyrstu málum muni gefa mjög sterka vísbendingu um framhaldið. En jafnvel þótt við séum með mál sem megi líkja saman þá eru alltaf tilbrigði frá máli til máls.“



**ÚR HÉRAÐSDÓMI** Rætt hefur verið um að það geti haft umtalsverð áhrif á stöðu annarra umboðssvikamála ef sýkna héraðsdóms stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Pútín hefur aftur hrepppt forsetaembætti Rússlands

Stjórnarandstæðingar í Rússlandi fullyrða að mikið hafi verið um kosningasvindl í gær. Mótmælafundir gegn Vladímír Pútín hafa verið boðaðar í dag. Óvíst hvort Medvedev forseti verður nú forsætisráðherra.

**RÚSSLAND, AP** Vladímír Pútín sigraði í forsetakosningum í Rússlandi í gær og fékk um það bil 60 prósent atkvæða. Útgönguspár höfðu talið að hann fengi 58 til 59 prósent, en samkvæmt fyrstu opinberu tölum úr atkvæðatalningu fékk hann um 63 prósent.

Pútín verður því forseti Rússlands aftur, eftir að hafa verið forsætisráðherra í eitt kjörtímabil. Gennadí Sjúganov, leiðtogi Kommúnistaflokksins, fékk um 18 prósent en aðrir frambjóðendur fengu innan við tíu prósent hver.

Þar sem Pútín fékk meira en helming atkvæða sleppur hann við aðra umferð kosninganna, þar sem kjósendur hefðu þurft að velja á milli þeirra tveggja frambjóðenda sem flest atkvæði fengju.

Almennt hefur verið reiknað með því að Dmitrí Medvedev, sem gegnt hefur forsetaembættinu meðan Pútín hefur verið forsætisráðherra, skipti aftur við hann um embætti og verði forsætisráðherra á ný. Það er þó engan veginn víst.

Andstæðingar Pútíns segja að mikið hafi verið um kosningasvindl í gær. Meðal annars hafa borist margar fregnir af því að kjósendur hafi farið frá einum kjörstað til annars og hindrunarlaust getað greitt atkvæði á mörgum stöðum.

Ef óháðir kosningaeftirlitsmenn staðfesta þessar ásakanir þá má búast við að mótmæli gegn Pútín færist í aukana næstu daga og vikur.



**VLADÍMÍR PÚTÍN OG LJÚDMÍLA EIGINKONA HANS** Pútín lýsti yfir sigri í gærkvöld þegar fyrstu talningar höfðu sýnt að hann væri kominn með rúmlega 60 prósent atkvæða. NORDICPHOTOS/AFP

## Forsetar Rússlands

- 1991-1999** Boris Jeltsín stjórnaði Rússlandi fyrsta áratuginn eftir hrun Sovétríkjanna.
- 2000-2008** Vladímír Pútín tók við af Jeltsín og sat í rúm tvö kjörtímabil, en mátti ekki bjóða sig fram í þriðja sinn vegna ákvæðis í stjórnarskrá landsins.
- 2008-2012** Dmitrí Medvedev, náinn samstarfsmaður og vinur Pútíns, hefur verið forseti í eitt kjörtímabil en ákvað að gefa ekki kost á sér aftur til að Pútín fengi færi á embættinu einu sinni enn.
- 2012-** Vladímír Pútín sigraði í forsetakosningunum í gær, eftir að hafa verið forsætisráðherra meðan Medvedev gegndi forsetaembættinu.

Tvö hundruð látnir og yfir tvö þúsund slasaðir í Kongó:

## Vopnabúr hersins sprakk í loft upp

**KONGÓ** Að minnsta kosti 200 eru látnir eftir að vopnabúr hersins sprakk í loft upp í Brazzaville, höfuðborg Kongó. Talið er að yfir tvö þúsund hafi slasast í sprengingunni, þar af eru margir alvarlega særðir.

Sprengingarnar hófust um klukkan átta um morguninn að staðartíma og flúði fólk í nærliggjandi húsum svæðið í ofbóði.

Lögregluþyrirvöld og hermenn lokuðu svæðinu en sprengingarnar héldu áfram fram eftir degi. Sprengihætta á svæðinu var mikil og áttu slökkviliðsmenn því í erfiðleikum með að takast á við eldhafið sem myndaðist í sprengingunni.

Fjöldi húsa í Brazzaville skemmdist, þar á meðal hrundi kirkja í kjölfar sprengingarinnar. Fjöldi fólks var í kirkjunni og var eftirlifenda leitað í rústunum.

Charles Zacharie Bowao, varnarmálaráðherra landsins, sagði að eldur hefði komið upp í vopnabúrinu. Hann bað íbúa Brazzaville að halda ró sinni því ekki væri talið að um einhvers konar árás væri að ræða heldur slys.



**MÍKLAR SKEMMDIR** Eins og sést á þessari mynd sem tekin var úr útsendingu sjónvarpsstöðvar var sprengingin í Brazzaville afar öflug. NORDICPHOTOS/AFP

► Handlaugar  
► WC  
► Innréttingar

KOMDU  
OG GERÐU  
GÓÐ KAUP

# ÚTSALA

Á HREINLÆTISTÆKJUM AÐ  
BÆJARLIND 6 KÓPAVOGI

Útsalan  
stendur  
aðeins frá  
2.-10. mars

**Flísa & Bað**  
MARKAÐURINN

Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opíð mán. - fös. 10-18, laug. 11-16.



## ÞAÐ ER EITT SPA Á LISTANUM YFIR 25 UNÐUR VERALDAR

Við hjá Bláa Lóninu erum stolt af þeirri viðurkenningu sem felst í því að Bláa Lónið er á lista National Geographic yfir 25 undur veraldar.



BLUE LAGOON  
ICELAND

[www.bluelagoon.is](http://www.bluelagoon.is)





1. Hvað heitir fyrrverandi lögmaður Gunnars Andersen?
2. Hver hefur verið ráðin aðstoðarframkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar?
3. Hvaða fræga fatakönnuð hittu Íslenskir fatakönnunarnemar á dögnum?

SVÖR:

1. Skúli Bjarnason 2. Dalía Ólafsdóttir 3. John Galliano

Óvenjulegt framboð með pólitískt markmið, segir prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands:

# Langt í frá augljóst að Ólafur nái kjöri

**STJÓRNMÁL** „Þetta kemur mér ekki mikið á óvart og hann hefði getað eytt óvissunni fyrir löngu,“ segir Gunnar Helgi Kristinnsson, prófessor í stjórnmálafræði, um ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar að gefa áfram kost á sér til embætti forseta Íslands.

Ólafur Ragnar sendi yfirlýsingu þess efnis frá sér í gær en áskildi sér hins vegar rétt til að hætta í embætti á miðju kjörtímabili þegar stöðugleiki hafi skapast í stjórnarfrá og stjórnskipan landsins. Gunnar Helgi segir þetta afar óvenjulegt.

Ólafur gefur það til kynna að þetta sé óvenjulegt framboð með pólitískt markmið.

**GUNNAR HELGI KRISTINSSON**  
PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI

„Þetta er það óvenjulegt að ég á erfitt með að greina það en þetta virðist helst tengjast pólitískum markmiðum á borð við stjórnarskrána og fullveldið. Ólafur gefur



það til kynna að þetta sé óvenjulegt framboð með pólitískt markmið.“

Gunnar Helgi segir erfitt að segja til um hvort margir eigi eftir að bjóða sig fram á mót Ólafi Ragnari þar sem hann hafi með þessu boðað pólitískari tíma á Bessastöðum. „Hinn hefðbundni forsetaframbjóðandi fær ekki fram gegn sitjandi forseta.

Flestir forsetaframbjóðendur fara í framboð til þjóðhöfðingja og maður veit ekki hversu margir eru til í pólitíska baráttu á borð við þessa,“ segir Gunnar Helgi en hann telur hins vegar að það sé ekki augljóst að Ólafur Ragnar nái kjöri.

„Ég mundi segja að hann hafi tekið mikla áhættu og að það sé langt frá því augljóst að hann nái kjöri. Það fer hins vegar allt eftir hvað gerist á næstu vikum, hvernig mótframbjóðendur hann fær og hvernig hlutirnir halda áfram að þróast.“

**BYLGJAN** 25  
989

**Heimir & Kolla**  
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar



# Segir marga telja hættuspil að hann hverfi úr embætti

Ólafur Ragnar Grímsson býður sig fram til forseta í fimmta sinn í sumar. Hann muni þó hætta áður en kjörtímabilinu lýkur verði óvissu varðandi stjórnskipanina og fullveldi þjóðarinnar eytt. Þangað til sé þörf á forseta sem standi vaktina fyrir hönd þjóðarinnar í óvissutíð – eins og dæmin undanfarin misseri sanni.

**STJÓRNMÁL** „Ég hef aldrei lítið á forsetaembættið sem hefðarembætti heldur fyrst og fremst lýðræðislega þjónustu við fólkið í landinu,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson, sem í gær kvaðst munu gefa kost á sér í forsetakosningunum sem verða 30. júní í sumar.

Í yfirlýsingu sem Ólafur sendi frá sér í gær segir hann það vera fyrir þunga í óskum um að hann gefi kost á sér áfram sem forseti þjóðarinnar. Það sé hins vegar einlæg ósk hans að þjóðin sýni því skilning, að þegar stöðugleiki hafi skapast í stjórnskipan landsins og stjórnarfrá og staða Íslendinga í samfélagi þjóðanna hafi skýrst, að hann hætti sem forseti áður en kjörtímabilinu lýkur. Þá muni þurfa að fara fram nýtt forsetakjör.

Spurður hvaða þættir það séu sem valdi óstöðugleika nefnir Ólafur breytingar á stjórnarskrá sem skapi ríka óvissu um stöðu forsetaembættisins og framtíðarskipan lýðveldisins. Einnig vaxandi átök um fullveldi Íslands sem tengist aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Sú vegferð muni hafa í för með sér grundvallarbreytingar á fullveldisrétti Íslendinga.

„Hvort sem menn eru með eða móti Evrópusambandinu þá blasir það við að ég er fyrsti forsetinn í sögu lýðveldisins sem býr við það að það fullveldi sem helgað var í stjórnarskránni við lýðveldisstofnun hefur verið sett á dagskrá með þeim hætti að óvissa er all ríkuleg um hvernig það kann að verða á allra næstu árum eða í framtíðinni,“ segir forsetinn.

## Vissulega óvenjuleg ósk

Þá ítrekar Ólafur að aldrei fyrr í sögunni hafi jafn margir grundvallarþættir í stjórnskipan og þjóðfélagsmálum okkar Íslendinga verið jafn ríkulega háðir óvissu. „Það eru þau rök sem nánast allir sem hafa beint til mín þessum til-mælum – að breyta ákvörðun minni – hafa notað, að það væri nánast skylda mín, eins og þeir hafa orðað það, að standa vaktina á meðan þessi óvissa ríkir,“ segir hann.

Varðandi hvert hans hlutverk gæti orðið í því að koma á stöðugleika segir Ólafur erfitt að lýsa því fyrirfram.

„En auðvitað er það alveg ljóst að það geta skapast hér þær aðstæður, eins og hefur nú gerst á allra síðustu árum að forsetinn þurfi að bregðast við skýrum óskum þjóðarinnar. Og það komi upp líka slík óvissa að það þurfi að mynda grundvöll landsstjórnar með þeim hætti að á því verði föst skipan,“ segir Ólafur og minnir á að enn eigi eftir að leiða til lykta sess Íslendinga gagnvart öðrum þjóðum.

„Forsetinn hefur auðvitað ekki beina aðild að þessum ákvörðunum en hann hins vegar stendur vaktina fyrir hönd þjóðarinnar á þess-



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON „Öll þessi mál hafa auðvitað skapað slíka óvissu að mjög margir telja að það væri hættuspil að auka á þá óvissu enn frekar með því að ég myndi hverfa héðan af Bessastöðum,“ segir forseti Íslands.

FRÉTTABLAÐUB/ANTON

## Tilbúinn að ganga gegn meirihluta þings

Í samtali við Stöð 2 í gær sagði Ólafur Ragnar að fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskránni skapi mikla óvissu um forsætisembættið og erfitt sé fyrir forsetaframbjóðendur að ganga til kosninga undir slíkum kringumstæðum. Vegna þeirrar óvissu sem er í þjóðmálum – stöðu flokkakerfis, umræðunnar um fullveldi Íslands og stöðu landsins á alþjóðavettvangi „... þá viti þjóðin að ég sé reiðubúinn að taka sjálfstæða ákvörðun jafnvel þó hún gangi gegn hagsmunum ríkisstjórnarflokka eða meirihluta Alþingis ef það er í þágu þjóðarinnar. En ólíklegt sé að nýr forseti á allra fyrstu misserum taki slíka áhættu af þeim óvinsældum og þeim árásum sem ég varð fyrir þegar ég tók þær ákvarðanir.“

um óvissutímum, eins og dæmin sanna á undanförunum misserum,“ segir Ólafur og undirstrikar að menn muni þá sýna því skilning þegar óvissunni sé eytt að hann hætti sem forseti og snúi sér að öðrum verkefnum.

Ólafur jatar því að ósk hans um að verða kjörinn í embætti forseta Íslands með þeim skilmálum að hann geti hætt áður en kjörtímabilið sé á enda sé vissulega óvenjuleg. En það sé einnig óvenjulegt með hversu ríkum hætti hafi verið höfð að til þess að hann breyti ákvörðun sinni um að hætta.

## Embætti helgað fullveldinu

„Rökin eru, eins og ég lýsi í yfirlýsinguinni, að höfðað er til þessarar margháttaðu óvissu og þess vegna tel ég bæði rökrétt og eðlilegt að þegar forsendunni fyrir því að breyta ákvörðun minni hefur verið eytt að þá sýni menn því skilning að þá sé ekki lengur þörf á að ég standi vaktina,“ svarar Ólafur.

Að sögn Ólafs er forsetaembættið umfram önnur embætti í land-

inu helgað fullveldisstöðu Íslendinga. Ósköp eðlilegt sé að þeir sem hafi viljað að hann breytti ákvörðun sinni um að hætta horfi líka til óvissunnar sem ríki varðandi fullveldisréttinn og vilji hafa tryggingu fyrir því að sá einstaklingur sem gegnir embætti forsetans muni hlusta á vilja og óskir þjóðarinnar í því máli sem og öðrum.

„Öll þessi mál hafa auðvitað skapað slíka óvissu að mjög margir telja að það væri hættuspil að auka á þá óvissu enn frekar með því að ég myndi hverfa héðan af Bessastöðum. Það eru þau rök sem margir hafa flutt við mig af miklum þunga.“

## Alþingi verður að svara

Óvissu varðandi stjórnarskrána og stöðu forsetans í stjórnskipuninni segir Ólafur vonandi eytt á næsta ári.

„Ég tel að það sé nauðsynlegt að Alþingi svari því fyrir lok kjörtímabilsins hvort það geri skýrarátt tillögur um breytingar á stjórnarskránni eða ekki. Þá verða þær

að fara í gegn um alþingiskosningar og væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu. Vonandi fæst líka niðurstaða varðandi stöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum og fullveldi landsins á allra næstu árum, sem og að þeirri óvissu sem margir telja að nú ríki varðandi bæði flokkakerfið og stöðuna í þjóðmálum verði líka eytt. Þannig að ég vona að innan fárra missera eða örfárra ára þá verði þessi mál öll orðin skýrari,“ segir Ólafur og bætir við að þá sé eðlilegt að þjóðin takist á við skipan forsetaembættisins út frá nýjum forsendum og kjósi sér nýjan forseta.

## Hugurinn við umhverfismál

Spurður um væntanlega mótframbjóðendur segist Ólafur alltaf hafa talið að forsetakosningar færu fram með eðlilegum hætti.

„Ef að fleiri einstaklingar bjóða sig fram til þess embættis þá tel ég fullkomlega eðlilegt og réttmætt enda nauðsynlegt að hver forseti hafi nokkuð skýran lýðræðislegan vilja þjóðarinnar til stuðnings sínum störfum,“ segir Ólafur sem neitar því alfarið að hann hafi hug á því að snúa aftur á vettvang flokka-stjórnmalanna að lokinni forsetatíð sinni. Það séu verkefni á sviði umhverfismála, loftslagsbreytinga og norðurslóða sem hann hafi hugsað sér að gefa sig að. „Ég tel að þessi mál, bæði umhverfismálin, loftslagsbreytingarnar og norðurslóði séu með þeim hætti að það skipti miklu máli hvernig þau þróast á komandi árum.“

gar@frettabladid.is

**Blaðberinn**  
bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

**Gefðu**  
dýrmætasta efni í heimi

**Hjálparstarf kirkjunnar**  
www.hjelp.is



# Ert þú ekki gera ekki neitt týpa?

Motus ehf. (áður Intrum á

Íslandi ehf.) er leiðandi fyrirtæki

á sviði kröfustjórnunar (Credit

Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 130

starfsmenn á 11 starfsstöðvum

um land allt. Meðal viðskipta-

vina Motus eru m.a. fjölmörg af

stærstu fyrirtækjum og

stofnunum landsins.

**intrum**  **justitia**

Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar.

## Rekstrarstjóri óskast

Við hjá Motus leitum að öflugum einstaklingi í starf rekstrarstjóra. Rekstrarstjóri er hluti af stjórnendateymi Motus og vinnur náið með forstjóra að daglegri stjórnun fyrirtækisins og þeim málefnum sem efst eru á baugi á hverjum tíma.

Hlutverk rekstrarstjóra er samstarf við aðra stjórnendur við daglega stjórnun og stefnumörkun fyrirtækisins ásamt þróun og framreiðslu stjórnendaupplýsinga. Rekstrarstjóri ber jafnframt ábyrgð á innkaupum fyrirtækisins.

Áherslur í starfi rekstrarstjóra verða þróaðar með hliðsjón af styrkleikum þess einstaklings sem ráðinn verður í starfið, en það kemur m.a. inná eftirfarandi sviði:

- Frávika- og hagkvæmnisgreiningar
- Áætlanagerð
- Þróun og vinnsla framlegðarútreikninga
- Innkaup
- Ráðgjöf til starfsmanna og stærri viðskiptavina
- Stjórnun og stefnumörkun
- Vöru- og viðskiptaþróun
- Aðkoma að starfsmannamálum
- Verkefnastjórnun
- Fjármál
- Upplýsingatækni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi háskólamenntun t.d. viðskipta- eða hagfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi og hæfileikar til greiningar tölulegra gagna
- Sjálfstæði, metnaður og nákvæm vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Öll reynsla af vinnslu sambærilegra verkefna er kostur
- Vera „EKKI GERA EKKI NEITT“ týpa

**EKKI GERA EKKI NEITT** er grundvöllur fyrirtækjamenningar Motus, en innri gildi starfsmanna eru hjálpssemi, frumkvæði, jákvæðni, vinnusemi og umburðarlyndi. Í boði er skemmtilegt umhverfi, metnaðarfullir samstarfsmenn, afburða upplýsingakerfi og öflugt fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir starfsmannastjóri í síma 440-7122 og sibba@motus. Vinsamlegast sækjið um á heimasíðu okkar [www.motus.is](http://www.motus.is). Umsóknarfrestur er til og með 11. mars. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

  
**motus**



Eftirlitsstofnun EFTA fjallar um innleiðingu tilskipana vegna innri markaðar ESB:

## EES-ríkin fljót að innleiða tilskipanir

**STJÓRNSÝSLA** EES-ríkin Þrjú, Ísland, Liechtenstein og Noregur, eru í hópi þeirra ríkja sem fljótust eru að lögfasta reglur um innri markað ESB. Eru ríkin hluti af markaðnum samkvæmt EES-samningnum.

Eftirlitsstofnun EFTA gefur tvisvar á ári út skýrslu um frammi-stöðu ESB- og EES-ríkja þegar kemur að innleiðingu tilskipana um innri markaðinn. Nýjasta skýrslan tekur til allra tilskipana sem EES-ríkjunum bar að hafa lögfest 31. október síðastliðinn en skoðunin miðaðist við stöðuna 10. nóvember.

Í skýrslunni kemur fram að innleiðingarhalli Íslands helmingaðist á milli kannana. Voru einungis 0,5 prósent tilskipana ólögfestar þegar athugunin var gerð samanborið við 0,9 prósent áður. Sama hlutfall hjá Noregi var 0,6 prósent og 0,4 prósent hjá Liechtenstein.

Þá kemur fram í skýrslunni að fjöldi tilskipana sem Ísland á eftir að lögfasta jókst nokkuð milli athugana, fór úr 6 í 17. Þá hefur ein tilskipun enn ekki verið lögfest þrátt fyrir að rúm tvö ár séu síðan svo bar að gera.

- mþl



**EVROPUSAMBANDIÐ** Eftirlitsstofnun EFTA kannar reglulega hvernig þátttökuríkjum í innri markaði ESB gengur að innleiða tilskipanir um innri markaðinn.



**Á REIÐHJÓLI Í SJANGHÁI** Þessi kona flytur fyrirferðarmikla frauðplastkassa á reiðhjól sínu á götum Sjanghai í Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Deildu trúnaðarupplýsingum: Máttu ekki segja frá ljósleiðara

**PERSÓNUVERND** Gagnaveita Reykjavíkur braut gegn lögum með því að gefa öðrum fyrir-tækjum upplýsingar um ljós-leiðaratengingar viðskiptavina sinna. Þetta er niðurstaða Persónuverndar í kærumáli konu sem býr í fjölbylishúsi sem tengt var við ljósleiðara. Konan segir að Gagnaveitan hafi síðan upplýst að minnsta kosti fyrirtækin Vodafone og Hringiðuna ehf. um að ljósleiðari væri kominn í húsið og að þar væru mögulegir viðskiptavinir. „Ég tel óeðlilegt og ólöglegt að Gagnaveita Reykjavíkur deili upplýsingum um hvaða búnaði ég bý yfir sem þeir einir ásamt mér hafa upplýsingar um og gæti mögulega nýtt með öðrum aðilum til þess að þeir geti herjað á mig,“ sagði konan og Persónuvernd tók undir það. - gar

Söngvakeppni Samfés:

## Melkorka bar sigur úr bytum

**FÓLK** Melkorka Rós Hjartardóttir, frá félagsmiðstöðinni Borunni í Vogum á Vatnsleysuströnd, bar sigur úr bytum á Samfestingnum, söngkeppni félagsmiðstöðva í dag. Melkorka söng íslenska útgáfu af lagi Eltons John, Your Song.

Í öðru sæti varð, Sólborg Guðbrandsdóttir, frá Fjörheimum í Reykjanesbæ.

### LÖGREGLUMÁL

#### Nakinn í stigangangi

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningu um nakinn mann í stigangangi í fjölbylishúsi í Breiðholti aðfaranótt sunnudags. Maðurinn var að reyna að komast inn til sinnar fyrrverandi en hún hafði ekki áhuga á að fá manninn inn. Maðurinn fékk þess í stað að gista í fangaklefa.

# „Hörmuleg öfugþróun“ segir fyrrverandi efnahagsráðherra

Árni Páll Arnason segir aðkomu ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum „áfellisdom yfir vinnubrögðum nýrra tíma“. Hann varð undir í ríkisstjórn eftir mikil átök. Forseti ASÍ varar Árna við að blekkja sjálfan sig.

**STJÓRN MÁL** Árni Páll Arnason, alþingismaður Samfylkingar og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, varð undir í átökum við ríkisstjórnarborðið við gerða kjarasamninga í fyrra. Þetta kemur fram á Facebook-síðu Árna.

„Framganga þín við ríkisstjórnarborðið og áhersla á lágt raungengi hafði nærri sprengt samningana og hleypt öllu í uppnám á vinnumarkaði,“ skrifar Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, á Facebook-síðu Árna. Gylfi segir ráðherrann fyrrverandi nærri hafa eyðilagt gerð síðustu kjarasamninga.

Gylfi leggur út af viðtali ríkisútvarpsins við Árna á fimmtudag í síðustu viku. Segist hann vera „í forundran yfir endurteknum fullyrðingum“ Árna um kjarasamningana.

„Ég tók þó eftir því að þú nefndir það ekki að þú teldir mikilvægt að halda raungengi krónunnar mjög lágu næstu árin (og þar með kaupmætti í lágmarki) til að tryggja mikinn afgang af viðskiptajöfnuði og endurgreiða vognunarsjóðum áhættufjárfestingar sínar hér á landi. Né heldur framgöngu þína gegn hækkun lægstu launa, atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga,“ skrifar Gylfi til Árna.

Árni svarar að langt sé seilt í að gera því skóna að hann hafi það sem sjálfstætt markmið að draga úr kaupmætti með lágu gengi og berjast gegn hækkun lægstu launa og bóta. Hann hafi hins vegar sem efnahagsráðherra ítrekað bent á að allir þeir sérfræðingar sem efnahagsráðuneytið hafði yfir að ráða teldu lágt og stöðugt raungengi forsendu efnahagslegs viðsnúnings. Árni kveðst hafa neitað að



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra gagnrýnir harðlega að útgjöld til almannatrygginga hafi verið aukin um nærri fjórðung án þess draga úr skerðingu vegna annarra tekna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

standa að ákvörðunum um efnahagsstefnu sem ekki var byggð á trúverðugri greiningu.

„Það er svo áfellisdomur yfir vinnubrögðum nýrra tíma á Íslandi að fagleg greining af þessum toga sé virt að vettugi án efnislegra gagnraka og ráðuneyti, sem leggi fram óþægilegar greiningar, séu

lattu ekki blekkja þig með að hægt sé að reisa Ísland úr öskunni með því að láta almennt launafólk blæða fyrir áframhaldandi krónunotkun.

**Gylfi Arnbjörnsson**  
FORSETI ASÍ

binda ríkið til gríðarlegra útgjalda án þess að nokkur greining á kostnaði og áhrif á ríkissjóðmál lægi fyrir, eins og forysta ríkisstjórnarinnar gerði tillögu um. Í þessu varð ég undir eftir mikil átök í upphafi júnímánaðar 2011,“ segir Árni. Útgjöld til almannatrygginga hafi verið aukin um 23 prósent milli árána 2010 og 2011 en án þess að skerðing vegna atvinnutekna eða lífeyristekna hafi verið dregnar til baka og án þess að draga úr fátæktargildrum og greiða fyrir því að launavinna borgaði sig. „Það kalla ég glatað tækifæri og hörmulega öfugþróun.“

Gylfi segir þá Árna sammála um að aðildarviðræðurnar við ESB og evruna séu brýnasta verkefnið. „En láttu ekki blekkja þig með að hægt sé að reisa Ísland úr öskunni með því að láta almennt launafólk blæða fyrir áframhaldandi krónunotkun með því að halda raungenginu lágu til að skaffa gjaldeyri til að hleypa vognunarsjóðum sem eiga hér krónueignir úr landi. Þjóðin vill ekki borga skuldir óreiðumanna, ekki heldur með bágu lífskjörum!“

gar@frettabladid.is

lögð niður,“ segir Árni í færslu sinni.

Árni kveðst hafa lagst eindregið gegn því að ríkisstjórnin kysi í júní 2011 dýrari útfærslu í hækkun bóta almannatrygginga en síðustu kjarasamningar kváðu á um og sem ASÍ hafi ekki gert kröfu um.

„Ég hafnaði algerlega að skuld-

Íbúar Wukan náðu fram vilja sínum í kosningum:

## Kusu uppreisnarmenn til valda

**KÍNA, AP** Tveir uppreisnarleiðtogar í þorpinu Wukan í Kína voru kosnir til valda á laugardaginn, fáeinum mánuðum eftir að þeir voru handteknir fyrir að efna til fjölmennra mótmæla í þorpinu.

Þáverandi þorpsyfirvöld voru sökuð um að hafa án heimildar selt landsvæði, sem þorpsbúar höfðu notað til landbúnaðar.

Í desember færðist aukin harka í mótmælin, skemmdir voru unnar á lögreglustöð og bifreiðum. Í kjölfarið voru nokkrir helstu leiðtoganna handteknir, en þá brugðust þorpsbúar við með því að reisa víggirðingar og meinuðu lögreglu aðgang að þorpinu.

Mikil samstaða var meðal

þorpsbúa um málið og fór svo að yfirvöld gáfu eftir og eft var til kosninga.

Í kosningunum höfðu 23 lýst yfir framboði, en kjósendur gátu engu að síður greitt hverjum sem er atkvæði sitt.

Nærri þrjú áratugir eru síðan kínverskir ráðamenn heimiluðu frjálsar kosningar til bæjarstjórna, en í reynd hafa áhrif Kommúnistaflokksins oftast ráðið miklu um niðurstöðuna.

Kosningarnar í Wukan nú á laugardag sýna hins vegar að þau áhrif hafa lítill sem engin verið. Þorpsbúar víðar í Kína sjá nú möguleika á að fara að fordæmi Wukanbúa.

- gb

**MOTTU MARS**  
Gegn klabbameini í kólfum.

„Taktu þátt í Mottumars. Þitt framlag skiptir máli.“

Safnaðu mottu og áheimum á [www.mottumars.is](http://www.mottumars.is)





Styrkir Íslendinga og útgjöld ríkisins vegna mennta- og rannsóknáætlana ESB:

# Ellefu milljarðar í styrki umfram útgjöld

**EVROPUMÁL** Frá gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1994 til og með síðasta ári, hafa íslenskir aðilar fengið úthlutað meira en 157 milljónum evra í styrki í gegnum rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tæknipróun. Heildargreiðslur úr ríkissjóði vegna þessara áætlaða hafa á sama tíma numið ríflega 87 milljónum evra. Mismunurinn er um 70 milljónir evra, eða rúmlega ellefu milljarðar króna á núverandi gengi.

Þetta kemur fram í skriflegu svari Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokks.

Í svari ráðherra kemur jafnframt fram að árlegar styrkveitingar hafi tvöfaldast á þessu tímabili, úr tæplega sex milljónum evra árið 1995 í rúmlega tólf milljónir evra árið 2011.

Styrkirnir eru allt frá 400 milljónum króna niður í minnstu einstaklingsstyrki sem geta numið undir 100 þúsund krónum.

Margs konar aðilar hafa hlotið styrkina, allt frá háskólum, stofnunum og fyrirtækjum sem stunda rannsóknarstarf, niður í grunn- og framhaldsskóla og einstaka háskóla-stúdenta sem taka hluta af námi sínu við evrópska háskóla í gegnum Erasmus-verk-efnið.



**RANNSÓKNIR** Íslenskir aðilar hafa fengið meira en 157 milljónir evra í styrki vegna rannsókn- og þróunarmála og menntamála frá árinu 1994. Á sama tíma hafa útgjöld ríkisins í sömu málum numið um 87 milljörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LITSKRÚÐUG HÁTÍÐ** Holi-hátíðin á Indlandi er haldin árlega og þá keppast menn við að kasta litarefnum hverjir á aðra.

NORDICPHOTOS/AFP



Á **SELFOSSI** Slagur nemenda við kennara í FSu á Selfossi var hluti af larp-leik í tengslum við Káta daga í skólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Pemadagar standa víða yfir:

## Quidditch tók við af larpinu

**MENNTAMÁL** Kennarar lögðu nemendur í lokabardaga í svonefndu larp (eða hlutverkaleik) á Kátum dögum sem stóðu yfir í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi (FSu) fyrir helgi. Larp er dregið af enska heitinu *live action role playing*. Nemendur töldu sig þó hafa haft sigur í heildina, unnu tvo slagi af þremur.

Víða um land standa yfir í framhaldsskólum þemadagar þar sem brugðið er á leik með æfingum og námskeiðahaldi ýmiskonar.

Í FSu tók við af larpinu „Quidditch fyrir mugga“, en Quidditch er boltaleikur úr bíómyndunum um Harry Potter. Í þeim er venjulegt fólk kallað muggar.

- óká

Happdrætti HÍ EL-vottað:

## Spilahegðunarstöðlum hefur verið komið á

**FÉLAGSMÁL** Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) hefur fengið vottun Evrópusamtaka ríkishappdrættisfyrirtækja (European Lotteries, EL).

Fram kemur í tilkynningu HHÍ að vottunin sé til staðfestingar á því að fyrirtækið hafi innleitt staðal EL um ábyrga spilahegðun. Staðallinn er sagður taka til þátta á borð við markaðsmál og vörubrúun, mat á samfélags-áhættu leikja, fræðslumál, stuðning við rannsóknir á spilafíkn, stuðning við meðferðarúræði og fleiri þætti.

- óká

Framkvæmdir í Borgarfirði:

## Ný brú yfir Reykjadalásá

**VEGAGERÐ** Framkvæmdir eru hafnar við nýja brú yfir Reykjadalásá hjá Kleppjárnreykjum í Borgarfirði. Búið er að setja niður svokallaða niðurreksstaura sem brúin á að hvíla á.

Búið er við að framkvæmdum ljúki í sumar en í framhaldi af því mun Vegagerðin bjóða út framkvæmdir á nýjum gatnamótum sem tengjast þessum framkvæmdum. Stefnt er að því að ný vegurinn verði tilbúinn sumaríð 2013, að því er fram kemur á Skessuhorni.is.

Fimm rétta

**HOLI**  
hátiðarmatseðill  
4.990 kr.

FORRÉTTUR

Masala tígristrækjur  
Pönnusteiktar tígristrækjur með gómsætri blöndu af sinnepsfræjum, karrilauflöðum, kóriander og chillí

ADALRÉTTIR

Gulabi Gosht  
Lambafillet marinerað í garam masala, engiferi, rósarblöðum, hvítlauk og kasjúhnetum. Grillað í tandoori-öfninum

og

Tikka Masala kjúklingur  
Grillaðar kjúklingalundir í mildri sósu með kókos, tómötum, rjóma, kasjúhnetum og heimalagaðri kryddböndu

og

Gobi Mattar  
Ljúffeng blanda af baunum og blómkáli í kóriander, lauk, engiferi og hvítlauk

MÉDLÆTI

Raitha  
Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum

og

Basmati-hrísgrjón  
og  
Naan  
Indælis brauð úr tandoori-öfninum

EFTIRRÉTTUR

Kulfi  
Heimalagaður ís úr pistasíuhnetum og saffrani

Hverfisgata 56, 101 Reykjavík  
Sími: 552 1630

Opið:  
sun.-fim. 18:00 - 22:00  
fös. og lau. 18:00 - 23:00

# HOLI-hátíð á Austur-Indíafjelaginu

– gleði, litir og dásamlegur matur

Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátiðarmatseðli í mars á hreint frábæru verði: **4.990 kr.**

**Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.  
Borðapantanir í síma 552 1630.**



HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrúgunum. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ  
INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is



Húsnæðisverð að hækka á Íslandi:

## Blásið í bólu

**A**f íslenskri umræðu má á stundum ráða að Ísland sé eina landið sem hafi blásið upp fasteignabólu á góðærisárunum fyrir efnahagshrunið. Það er vitanlega ekki svo. Aukið aðgengi almenninga að ódýrum lánum gerði það að verkum að þessi þróun átti sér stað úti um allan heim.

Í erindi sínu á ráðstefnu á vegum Landsbankans síðastliðinn föstudag sagði Martin Feldstein, prófessor í hagfræði við Harvard-háskóla, að húsnæðisverð í Bandaríkjunum hefði hækkað um 60% frá síðustu aldamótum fram til ársins 2007. Þá sprakk bólan og frá þeim tíma hefur verðið fallið um 46%. Samhliða því drógust eignir heimila í landinu saman um tólf þúsund milljarða dala, rúmlega 1.500 þúsund milljarða íslenskra króna. Í Bandaríkjunum er í gildi sú meginregla að fjármálastofnanir taka einungis veð í eigninni sem keypt er fyrir það lán sem veitt er. Húsnæðiseigendur hafa því þann valkost að skila inn lykklunum af eigninni lendi þeir í vandræðum með að borga af henni, eða ef þeim líst einfaldlega ekki á þróun virðis hennar. Á Íslandi hafa verið lögð fram frumvörp, svokölluð lykklafrumvörp, með svipuðum hugmyndum.

Í máli Feldstein kom fram að um 30% húsnæðiseigenda í Bandaríkjunum skulda meira í húsnæði sínu en þeir eiga. Þar heldur húsnæðisverð samt sem áður áfram að lækka og því fjölga þeim daglega sem sitja uppi með neikvæða eiginfjárstöðu í húsnæði sínu. Feldstein sagði þróun húsnæðisverðs í Bandaríkjunum fasta í spíral niður á við sem drægi eignir heimila enn meira saman. Við það skapaðist enn meiri hvati til að hætta að borga af lánnum. Og svo koll af kolli.

Í skýrslu Royal Institution of Chartered Surveyors (RICS) sem var gerð opinber í síðustu viku er birt sú niðurstaða að húsnæðisverð á Íslandi hafi hækkað um tíu prósent á milli árána 2010 og 2011. Úttektin náði til 23 landa og hækkingin var hlutfallslega mest á Íslandi, en mesta hrunið í löndum eins og Írlandi, Spáni og Danmörku. Í fréttaskýringu í Fréttablaðinu á fimmtudag kom fram að greiningar- og hagfræðideildir íslensku bankanna spá áframhaldandi hækkingu á raunvirði íbúða á Íslandi næstu tvö ár.

Ánægjulegu tíðindin sem þessu fylgja eru þau að heimilum landsins sem eru með neikvæða eiginfjárstöðu mun fækka með hækkingu húsnæðisverðs. Eignir heimilanna, sem drógust saman við hrun, eru að aukast. Auk þess eru fasteignir einn af fáum fjárfestingarmöguleikum fyrir eigendur hundruða milljarða af íslenskum krónum sem eru fastar inni í íslensku hagkerfi vegna gjaldveyrishafta. Sá þrýstingur sem eftirspurn eftir fjárfestingu umfram framboð skapar mun ugglaut hækka húsnæðisverð enn meira en spár gera ráð fyrir á næstu árum.

Miðað við þann fjölda sem hefur farið í gegnum sértæka skuldaaðlögun, látið færa lán sín niður í 110% af núverandi söliverðmæti húsnæðisins eða fengið niðurfellingar vegna ólögðs gengistryggðra lána, ætti viðsnúningurinn hjá mörgum að verða nokkuð snöggur.

Válegu tíðindin sem þessu fylgja eru þau að hér er verið að blása upp nýja bólu. Núna verður hún séríslensk, ekki alþjóðleg. Henni munu fylgja endurfjármagnanir til að leysa út virðisaukningu og tilheyrandi brask venjulegs fólks með fasteignir. Og hún, líkt og allar bólu, mun springa.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

**FRÁ DEGI TIL DAGS**

**Varasöm tækni**  
 Tölvupóstur er mjög vandmeðfarið tækniundur og getur í röngum höndum valdið mesta skaðræði. Þetta ættu íslenskir stjórnmálamenn að vita eftir ófárir líðinna ára. Bjarni Harðarson neyddist til að hætta á þingi eftir að hafa reynt og mistekist að vega að Valgerði Sverrisdóttur úr „anonymous“ netfangi, Þráinn Bertelsson hætti í Borgarahreyfingunni eftir að vangaveltur Margrétar Tryggvadóttur um það hvort hann væri með banvænan taugahrörnu-narsjúkdóm fóru víðar en til var ætlast og nú hefur nýjasta fórnarlambið bæst í hópinn: Sigurður stormur Ragnarsson, sem sárna söguskýringar Lilju Mósesdóttur um hegóma hans.

**Póstlistinn**  
 Hópurinn sem hefur hrakist undan eigin eða annarra tölvuklúðri er orðinn nógu stór til að fylla litinn þingflokk. Hver veit nema þremmingarnir bjóði fram saman að ári. Til dæmis undir merkjum Póstlistans.

**Spörungur sporin**  
 Ákófustu Evrópusambandsandstæðingum landsins hefur tekist ætlunarverk sitt: að svæla út úr Ólafi Ragnari Grímssyni svar við því hvort hann ætla í framboð. Sem hann ætla auðvitað. Í þakklætisskyni lýsir Ólafur því yfir að hann hyggist, sem forseti, beita sér í umræðunni um „fullveldi Íslands“. Það er frábært. Þjóðin hefur nefnilega átt svo erfitt með að klofna í fylkingar í ESB-umræðunni hjálparlaust. Nú verður hægt að láta þá afstöðu einfaldlega ráðast af skoðuninni á forsetanum og spara sér heilmikið ómak. stigur@frettabladid.is

**HALLDÓR**

## Harmur kirkjunnar

**Trúmál**

**Pórunn Sveinbjarnardóttir**  
 fv. ráðherra

Það er auðvelt að afgreiða kirkjuna sem afdankaða og úrelta stofnun. Það á við um fleiri stofnanir í samfélaginu. En líklega er það of auðvelt. Kirkjan hefur hlutverki að gegna þótt skoðanir geti verið skiptar um hvert það hlutverk sé eða hvernig því sé sinnt. Viða um heim er kirkjan öflugur málsvari mannhelgi, frölsis og réttækni, og lætur sig órétt og kúgun varða. Vandir kirkjunnar hér á landi er ekki síst sá að hún hefur alla tíð samsamað sig valdinu og varðstöðunni um það. Á Íslandi hafa valdastéttirnar og kirkjan átt samleið um aldaradír.

Það vill stundum gleymast hversu stutt er síðan fyrsta konan var vígð til prests hér landi. Auður Eir Vilhjálmssdóttir hlaut vígslu árið 1974 og ruddi leiðina fyrir þann fjölda kvenna sem nú gegnir prestsembætti. Valdastöðurnar í þjóðkirkjunni endurspeglar hins vegar ekki þessa staðreynd. Í þeim skilningi er kirkjan á sama stað og Alþingi var í upphafi níunda áratugarins.

Til skamms tíma gat ekkert rofið samstöðu valdastéttarinnar og kirkjunnar.

Nú hafa hins vegar vaknað vonir um nýja tíma. Konurnar sem árum saman knúðu dyra hafa fengið áheyrn, vonum seinna, hjá æstu embættismönnum kirkjunnar. Bjartsýnismanneskja gæti leyft sér að vona að hlustun verði framvegis jafn mikilvæg og boðun hjá þjónum kirkjunnar. Kannski er samstaðan með valdinu víkjandi eftir allt saman?

Því miður bendir ekki margt til þess. Á síðasta ári átti kirkjunnar fólk kost á því að kjósa Séra Sigrúnu Óskarsdóttur til vígslubiskups í Skálholti. Konu og femínista, sem er framsækinn sóknarprestur í Reykjavík, málsvari réttinda samkynhneigðra innan kirkjunnar og merkisberi alls þess sem þrýtt getur kirkju sem vill gegna samfélagslegu hlutverki sínu af allvöru og víðsýni. En kirkjunnar fólk skynjaði ekki sinn vitjunartíma. Biskupskjör stendur fyrir dyrum. Séra Sigríður Guðmarsdóttir er í framboði. Kona, femínisti og framsækinn prestur. Hvað gerir kirkjunnar fólk? Kys það áframhaldandi varðstöðu með valdinu eða nýja tíma í aldagamalli stofnun?



# „Auðlegðin er ekki smá...“



**Í DAG**  
**Guðmundur Andri Thorsson**  
 rithöfundur

Löngunin til að breyta líkama sínum er að minnsta kosti jafn gömul mannkyninu: að toga og teygja varirnar, lengja eyrna-sneplana, lita kringum augun, farda kinnar, mála varir, krulla slétt hár en slétta liðað, lýsa dökkt og dekkja ljóst: þetta er fallegur mennskur eiginleiki og einkenni-legur. Hann snýst ekki beinlínis um fegrun. Hann snýst ekki um að laga það sem aflaga hefur farið; þetta er ekki lýta-aðgerð. Frekar hitt: manneskjan vill skapa sig, ná sér.

Ná sér frá þeim sem skapaði þennan líkama, þetta hylki, sýna og nýta frjálstan vilja sinn með því að setja mark sitt á líkama sinn: sálin vill ná líkamanum; þetta er mín hugmynd af mér.

Líkamstjáning hefur sem sagt fylgt mannkyninu frá örófi alda, líkamsbreyting. Og það er auðvelt að skilja konur sem láta freistast til að láta eiga við brjóst sín, svona þannig lagað, jafnvel þótt ekkert sé að þeim. Því fylgir kannski einhver einkennileg frelskennd þeirrar sem mótar sig sjálf eða telur sig gera það – jafnvel þótt það sé til að vera eins og allar hinar.

Sjálfur er ég íhaldsmaður í brjóstaspuðsmálinu. Ég verð að játa að mér hryís hálfpartinn hugur við því að í stað þess að við

höfum hundrað þúsund undursamlega ólík brjóst eftir Móður Náttúru þá fáum við hundrað þúsund brjóst eftir Ottó Guðjónsson og Jens Kristjánsson – og öll eins.

Sjálfur held ég að þetta sé allt óaðskiljanlegt, það hvernig brjóstin á manneskju séu tengist tánunum, hárinu, höndunum, lófalínunum, eyrunum, augunum, sálinni – öllu.

Sumar konur lenda að visu í því að líkams-vöxturinn aflagast, brjóst verða of stór með tilheyrandi óþægindum – eða of lítil – fyrir svo utan þær konur sem missa brjóst vegna veikinda. Það kann að vera góður valkostur í slíkum tilvikum að geta leitað til manna sem sérhæfa sig í minnkun og stækkun brjósta. En slík tilvik skýra varla þann mikla fjölda sem fréttist hafa látið setja í sig pip-púða, svo að engu er líkara en að um nokkurs konar tískufaraldur hafi verið að ræða. Manni er sagt að þetta snúist um sjálfstraust, lélegt sjálfsmat, þrýsting karla í kringum konurnar sem heimta samræmt útlit af því að þeir þekki ekki konur nema sértílsniðnar í kynóraskyni.

Þetta er hættulegt. Þetta er ekki bara eins og að mála sig kringum augun eða klæða sig einhvern veginn til að draga fram tiltekinn líkamsvöxt. Ég er ekki vel að mér í sjálfstyrkingarfræðum en ég ímynda mér að góð sjálfsmynd snúist ekki síst um heildar-

myndina sem manneskja hefur af sjálfri sér. Að skynja sig sem einingu alls þess sem maður er gerður úr. Sérhver manneskja er samansett úr ótal þáttum sem mynda þá heild sem er maður sjálfur – sem er „Ég“. Hlutverk okkar á jörðinni er að kynna þessari heild, læra á hana, láta allt sitt leika saman, láta sína

einingu njóta sín sem best í viðsjálfum heimi. Frá heila og niður í tær, frá hjarta og út í hverja frumu erum við einstakt eintak í öllum heiminum, aðeins þetta eina til. Eins og Karl Kristjánsson orti: „Auðlegðin er ekki smá / og ekki er smíðurinn gleyminn / sem lætur sérstakt andlit á / alla er koma í heiminn.“

Það er á einskis annars færi að varðveita og þroska þetta eintak eins vel og hugsast getur. Manneskja sem lærir að lifra og rækta sérhvern part af sjálfri sér og skynja sem hluta af þeirri heild sem kallast „Ég“ hefur fundið að minnsta kosti einn lykilmínnað góðu lífi, þó að reyndar þurfi ytri aðstæður líka að vera hagstæðar. Það er hættulegt að taka einn part út úr þessari heild og láta snúða hann eftir móti sem samfélagið hefur búið til af einhverri frummynd sem hvergi er til nema í kynóralandinu: það er eins og að láta fótósoppa sig til eilífðar. Þá nær maður ekki sér heldur fer maður fjær sér. Maður er firrtur.

Jens Kjartansson og Ottó Guðjónsson eru örugglega mjög handlagirnir en ég held samt – með fullri virðingu – að þeir hafi ekkert að gera í „smíðinni“ sem ekki er gleyminn.

Ég veit þetta er hálfgerðt raus. Hitt er raunverulegt: kona sem lætur setja sílíkon í brjóstin á sér lætur þar með setja aðskotaefni inn í líkamann, gerviefni, og ekki bara inn í hvaða líkamspart sem er, heldur þann part sem á að næra nýtt líf, þann part sem einmitt á að vera hreinn og ósnortinn af öllu heimsins plasti; þann part sem næstur er náttúrunni og jörðinni og á að vera uppspretta heilbrigðrar sjálfsmyndar.

Hvað köllum við þá menn sem troða gerviefni inn í fullfrískar konur með þeim afleiðingum að þær verða veikar? Ég veit það ekki – en varla lækna.

Orðið „lýtalækni“ er ankannalegt um starfsemi þeirra manna sem troða sílíkon í ósköp venjuleg brjóst og bótoxi í ósköp venjulegar varir og eyða úr andlitum ummerkjum árunna, sjálfri sögu einstaklingsins, svokölluðum hrukkum sem þeir telja fólki trú um að séu til lýta, rétt eins og árin okkar séu eitthvað til að skammast sín fyrir; slíkir menn eru hvorki að fást við raunveruleg „lýti“ né eru þeir að „lækna“ – nema síður sé, eins og dæmin sanna. Þessir útlitstæknar virðast heldur ekki líta á sig sem lækna. Þeir virðast ekki líta svo á að þeir þurfi að lúta lögsögu landlæknis, nú þegar hann er að reyna að greiða úr þeim flækjum sem orðið hafa til vegna þeirrar iðju þeirra að setja leka pip-púða inn í brjóst kvenna.

Orðið „lýtalækni“ er ankannalegt orð um starfsemi þeirra sem troða sílíkon í ósköp venjuleg brjóst og bótoxi í ósköp venjulegar varir.

AF NETINU

**Stritast við að sitja**

Ólafur Ragnar Grímsson hyggst stritast við að sitja, þótt þátttaka í áskorun hafi verið minni en hann vonaði. Hann er einnig orðinn að stjórnmálaflokkum, sem hyggst hafa gætur á pólitíkusum næstu árin. Telur það munu ganga vel í lýðinn. Hefur löngum verið óþolandi, en nú tekur steininn úr. Jafnvel Ástþór er skárrí en hann, hefur þó hugsjón. Nú þarf ábyrgt fólk að taka sig saman í andlitinu og finna farsælt mótframboð. Það ætti að vera framkvæmanlegt gegn umdeildum forseta, sem veit ekki, hvenær tími hans er liðinn. Ólafur Ragnar er af tagi Davíðs Oddssonar, pólitískur bófi, sem spilar með fávísan lýðinn.

Jónas Kristjánsson  
[www.jonas.is](http://www.jonas.is)

**Glæsilegt**

Fagna ber nýtilkynntu framboði Ólafs Ragnars til forsetaembættis í fimmta sinn. Að baki því stendur þörf þjóðar á erfiðum tímum, þegar í ljós hefur komið, að okkur er í því hin mesta stoð og stytta að eiga forseta sem skilur þessa þörf og þorir að ganga til móts við hana, eins og Ólafur hefur gert með því að skjóta ranglætis- eða a.m.k. hæpnu máli stjórnmálaflokka undir úrskurð þjóðarinnar. Megi hann fá glæsilega kosningu og hans 5. kjörtímabil verða engu síður farsælt en það fjórða. Jafnvel það eitt, að hann sitji Bessastaði, getur fengið ráðherra til að hika við ófyrirleitni áform, sem ganga gegn þjóðarhag og þjóðarrétti. Enginn vafi leikur á yfirgnæfandi stuðningi við réttmæti þess, að Ólafur Ragnar bjóði sig fram [...] Heill þér, Ólafur Ragnar!

Jón Valur Jónsson  
[jonvalurjonnsson.blog.is](http://jonvalurjonnsson.blog.is)

## Sjálfbærni makrílveiða – af hverju ekki laxveiða?



**Verndun fiskstofna**  
**Orri Vigfússon**  
 formaður NASF - verndarsjóðs villtra laxastofna

Norski sjávarútvegsráðherra, Lisbeth Berg-Hansen, skrifar í Fréttablaðinu 29. febrúar 2012) langa grein um þörfina á sjálfbærni makrílveiða í Norður-Atlantshafi. Hún vitnar í meginreglur sjálfbærrar stjórnunar, enduruppbyggingu stofnsins, mikilvægi fyrir dreifbýli og strandsamfélög og skráningu á vísindalegum gögnum. Niðurstaða hennar er að sú stefna sem Íslendingar og Færeyingar hafa fylgt sé brot á hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og standi í vegi fyrir því að unnt sé að koma á sjálfbærum fiskveiðum.

En trúir hún í raun sjálf því sem hún skrifar? Annar mjög mikilvægur fiskstofn er á ferð um Norður-Atlantshafið og ferðast göngur hans um hafsvæði innan lögsögu Færeyja og Noregs á leið til heimkynna sinna í ám í Finnlandi og Rússlandi. Þetta er hinn villti Atlantshafslax. En þegar ráðherra Lisbeth Berg-Hansen fjallar um laxveiðar, skeytir hún alls ekkert um vísindi, upplýsingar sem safnað hefur verið í langan tíma og nauðsyn þess að sinna skynsamlegri stjórn, sjálfbærni og alþjóðalögum. Skyndilega tekur hún að

þylja margþvældar tuggur af allt öðrum toga og vill efla útgerð sem er fullkomlega ábyrgðarlaus þar sem laxastofnar eru í svo mikilli lægð.

Fjandsamlegt viðhorf Norðmanna til laxastofna annarra ríkja er vel þekkt allt frá árinu 1994 og það hefur verið staðfest með sífellt meiri upplýsingum ár hvert. Nýleg gögn sem komu fram hjá hópi alþjóðlegra vísindamanna sýna að milli 60-70% stórlaxa, sem veiddir eru á vorin í strandnet í Finnörku, eiga uppruna sinn í Rússlandi. Þetta er viðkvæmasti hluti laxastofna í Atlantshafinu og samt virðist ráðherra Berg-Hansen virða þá staðreynd að vettugi.

Samtökin um verndun laxastofna í Atlantshafi, NASF, eiga samstarfsaðila beggja vegna Atlantshafsins og saman höfum við í næstum 20 ár hvatt Norðmenn ítrekað til að láta af þessum netaveiðum. Vísindaráð Noregs hefur einnig gefið út alvarlegar viðvaranir um skaðann sem þessar veiðar hafa í för með sér.

Norskir stjórnmálamenn halda áfram að vitna í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna þegar þeir kvarta undan Færeyingum sem sýndu sóma sinn í að hætta veiðum á laxi af norskum uppruna fyrir meira en 20 árum.

Vilji Berg-Hansen sjávarútvegsráðherra að tillögum hennar um makrílveiðar séu teknar alvarlega ætti hún að taka til í eigin ranni.

## Er þér boðið ódýrasta lyfið í apótekinu þínu?

Markmið LYFIS er að bjóða lægsta lyfjaverð á Íslandi og hefur tilkoma lyfja fyrirtækisins aukið verulega samkeppni og leitt til mikilla verðlækkana í viðkomandi lyfjaflokkum. LYFIS lyfin eru framleidd hjá þekktustu og öflugustu lyfjaframleiðendum heims, m.a. TEVA – RATIOPHARM – KRKA – MEDIS – BLUEFISH – FARMAPLUS, sem allir hafa hlotið lof og viðurkenningu fyrir mikil gæði og örugga framleiðslu. LYFIS hefur markaðssett fjölda samheitalyfja og margir tugir lyfja eru á leiðinni. Er þér boðið ódýru LYFIS lyfin í apótekinu þínu?

Verðlagseftirlit ASÍ – 14. júní 2006 – „Allt að 68% verðmunur á lyfjum“ Neytendum bent á að vera vakandi fyrir ódýrari samheitalyfjum. Hefur ekkert breyst frá 2006? – [www.asi.is](http://www.asi.is)

### Stöndum saman – lækkum lyfjaverð!

**LYFIS**  
 Traust í lyfjum

Grensásvegi 22 | 108 Reykjavík | Sími 534 3500

medis BLUEFISH PHARMACEUTICALS F+ FarmaPlus AS ratiopharm TEVA KRKA



# Ein þjóð, ein stjórnarskrá

## Ný stjórnarskrá

Ómar Ragnarsson  
sjónvarpsmaður



Nú eru sjö mánuðir frá því að frumvarp stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár lá fyrir sem og óvenju ítarleg og aðgengileg gögn um alla umræðu, gagnaflokkun og forsendur fyrir einróma niðurstöðu þess og línur loks að skýrast varðandi það hvað kemur frá þinginu inn á borð ráðsins.

Strax fyrir sjö mánuðum var byrjað að færa fram margskyns athugasemdir sem voru svo almenns eðlis, loftkenndar og lítt rökstuddar að ljóst var að margir gagnrýnendurnir höfðu lítt kynnt sér plaggið.

Í ágústbyrjun víðraði forseti Íslands þá skoðun sína að hin nýja stjórnarskrá myndi færa forsetanum miklu meiri völd en hann hefði haft.

Þetta kom stjórnlagaráðsfólki spáskt fyrir sjónir því í nýju stjórnarskránni er það mikla beina og óbeina vald afnumið, sem forsetinn hefur hingað til getað haft við stjórnarmyndanir. Slíku valdi beitti ríkisstjóri við myndun utanþingsstjórnar 1944 og það hafði forðæmisgildi í seinagangi í stjórnarmyndunum eftir það, einkum árin 1947, 1950, 1978 og 1979-80 þegar forsetarnir Sveinn Björnsson og Kristján Eldjárn beittu þrýstingi til stjórnarmyndana í skjóli þessa valds, og ævinlega gat það vofað yfir að því yrði beitt, ef þörf krefði.

Kristján Eldjárn var meira að segja búinn að fela Jóhannesi Nordal að hafa tilbúna utanþingsstjórn í janúar 1980.

Sömuleiðis er með ákvæðum um aukioð beint lýðræði varðandi rétt kjósenda til að leggja mál fyrir Alþingi og hafa frumkvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur um umdeild og mikilsverð mállefni, dregið úr þörfinni á málskotsrétti forsetans, og er málskotsréttur hans aðeins hugsaður sem öryggisventill í samræmi við meginstef stjórnarskrárinnar um valdtemprun og valddreifingu.

Í samræmi við það stef er hugsuð aðkoma forsetans að ráðningu hæstaréttardómara og örfárra annarra mikilsverðra embætta.

Sumir hafa tæpt á atriðum eins og þjóðareign, sem sé óskýrt.

Það er einfaldlega rangt. Það er vel rökstutt í greinargerð og umræðum stjórnlagaráðs, og meginhugsunin er hin sama og í Þingvallalögum frá 1928 þar sem tekið er fram að þjóðareignina Þingvelli megi aldrei selja eða veðsetja, gagnstætt því sem er um venjulegar ríkiseignir eins og byggingar og mannvirki.

Talað er um að álagsprófa verði mörg atriði og nýmæli í stjórnarskránni en ekki hugað að því að mörg hin mikilsverðustu, eins og til dæmis ákvæði um stjórnarmyndanir, eiga fyrirmyndir í stjórnarskrám annarra Evrópulanda og hafa staðist álagspróf reynslunnar þar. En sjálfsagt er að ræða þetta nú í samræmi við erindi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Talað hefur verið um að sérfræðingar þurfi að taka ýmis veigamikil atriði til álagsprófa og nefnt að kosningakaflinn sé hæg-

inn og of ítarlegur og ósveigjanlegur.

En þá ber þess að geta að helstu atriði hans, jafnt vægi atkvæða og persónukjör, voru bein til-mæli Þjóðfundar, sem var þúsund manna slembiúrtak úr þjóðskrá, þannig að engin samkoma íslensk ætti að hafa speglað þjóðarviljann jafn vel.

Í kosningakaflanum er Alþingi gefið svigrúm til að ákveða fjölda kjördæma, allt frá einu upp í átta og líka gefið svigrúm til að víkja frá því að kjósendur geti skipt atkvæðum sínum á milli framboðslista.

Í C-nefnd stjórnlagaráðs sátu meðal annarra mikilla áhugamanna um kosningalöggjöf tveir reyndustu sérfræðingar hér-lendir um þau mál og álagsprófuðu þeir þá skipan sem kölluð er „kjördæmavarið landskjör“ og sækir grunn sinn í erlendar fyrirmyndir.

Mikið hefur verið gert úr því að þeir sérfræðingar sem hafa tjáð sig um stjórnarskrárfrumvarpið eða verið kvaddir til hafi „einróma talið það ótækt“ og þurfa rækilegrar uppstokkunar við.

Nokkrir þessara sérfræðinga störfuðu í eða fyrir stjórnlaganefnd við að vinna gögn og tillögur í hendur stjórnlagaráðs upp á 700 blaðsíður og gáfu iðulega ráðinu tvo kosti að velja um, oft tiltekna vegna þess að sérfræðingarnir sjálfir voru ekki á einu máli og töldu rétt að gefa upp valkosti.

Í þeim tilfellum þar sem ráðið valdi á milli tveggja kosta er skiljanlagt að sá sérfræðinganna sem ekki fékk sitt fram, yrði ekki ánægður eftir á.

Þetta skiptist stundum sitt á

Stjórnlagaráð var einróma um frumvarp sitt vegna þess að ein þjóð getur aðeins haft eina stjórnarskrá og hernaður úr flokkspólitískum skotgröfum, eins og reynt hefur verið að koma þessu máli ofan í, er víti til varnaðar.

hvað þannig að ef allt er lagt saman er hægt að blása það upp í „einróma óánægju“. En þá verður að hafa það í huga að aldrei verður hægt að segja að hafa stjórnarskrá þar sem hver einasti sérfræðingur eða hver einasti kjósendi fær sínar ítrustu kröfur uppfylltar í hverri einustu grein eða hverjum einasta kafla.

Allir ráðsmenn gætu tiltekið atriði, þar sem þeir hefðu viljað fá sitt ítrasta fram en fráleitt væri að segja að af þessum sökum hafi ráðsfólkið hafi verið „einróma óánægt“ með frumvarpið.

Stjórnarskrá Íslands getur nefnilega aðeins orðið ein, – ein stjórnarskrá fyrir eina þjóð, – ekki tvær eða fleiri.

Í stjórnlagaráð völdust jafn ólíkir einstaklingar, af eins ólíkum aldri, menntun, þjóðfélagsstétt, aðstæðum og stjórnmála-sköðunum og hægt er að ímynda sér.

Skoðanir í ráðinu spönnuðu allt litróf þjóðfélagsins og allir settu fram sín sjónarmið af einurð í óvenju gagnsæju og opnu ferli fyrir opnum tjöldum.

En úrslitum réði að stjórnarskrá gæti aldrei orðið annað en málamiðlun og að allir yrðu að slá af og ræða sig til sem bestrar niðurstöðu.

Þess vegna var furðulegt að heyra þingmann tala um það á Alþingi að stjórnarskrárfrumvarpið væri til orðið á svipaðan hátt og einræði kommúnista komst á í Austur-Evrópu eftir stríð. Þingmaðurinn sagði að vegna þess að þetta væri stjórnarskrá vinstri stjórnar myndi það óhjákvæmilega gerast að þegar Sjálfstæðisflokkurinn kæmist til valda í hægri stjórn myndi sú stjórn breyta henni til hægri og síðan myndi hver ríkisstjórn eftir það breyta henni fram og til baka, vinstri-hægri.

Í þessu felst hin gamalkunna tilhneiging til að fara ofan í flokkspólitískar skotgrafir, ástand, sem hefur ríkt á Alþingi í þau 67 ár sem því hefur mistekist það yfirlýsta markmið sitt að gera nýja stjórnarskrá.

Sagt er að stjórnarskrármálið sé afrakstur þráhyggju forsætisráðherra en þó var það Framsóknarflokkurinn sem setti það á oddinn hjá sér 2009 að setja á stofn Stjórnlagabing sem yrði einrátt um gerð og gerði að aðal-skilyrði fyrir því að veita fyrstu stjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hlutleysi og síðar að einu helsta kosningamáli Framsóknar.

Óruttu um hugsanlega pólitíska samsetningu stjórnlagaráðs: 13 þeirra sem beðin voru að setjast í ráðið höfðu tengst stjórn-málaflokkum í starfi, á framboðslistum eða með setu á Alþingi, og skiptust svona: Sjálfstæðisflokkur 4, Samfylking 4, Framsókn 2, VG 2 og Frjálslyndir 1. Nokkurn

# Sjálfstæðismenn og afnám tolla og vörugjalda

## Tollar

Kristmann Magnússon  
fv. formaður Félags raftækjasala



Í Fréttablaðinu 10. desember sl. er fyrirferðarlítil frétt á bls. 6 þar sem segir að sex þingmenn Sjálfstæðismanna hafi lagt fram þingsályktunartillögu um að íslensku vörugjalda- og tollalöggjafirnar verði teknar til gagnerrar endurskoðunar. Þrennt vakti athygli mína – í fyrsta lagi að þessi frétt skuli ekki hafa komið í Mogganum og í öðru lagi að þessi frétt er send á þessum tíma þegar fáir nenna að lesa blöðin vegna auglýsingaflóðsins í þeim. En aðallega vakti

þessum málum innan Kaupmannasamtakanna, en seinna meir einnig innan Verslunarráðs Íslands ásamt þáverandi framkvæmdastjóra þess, Vilhjálm Egilssyni, og vann hann að því er virtist af heilindum með mér í þessum málum. Því miður var þessi Vilhjálmur kosinn á þing og þar var hann meira að segja gerður að formanni efnahgs- og viðskiptanefndar – að því að ég hélt vegna hagfræðimenntunar og dugnaðar, en reyndist síðan að því er virðist hafa verið kosinn þangað vegna þess að forráðamenn flokksins gátu alveg stjórnað honum þar. Þar reyndist hann bara vera það frá forystunni sem gat sagt honum fyrir verkuum og hvað honum bæri að gera.

Það var í hans tíð sem formað-

Það er líka athyglisvert að í öllum Landsfundarályktunum Sjálfstæðisflokksins – já jafnvel tugi ára aftur í tímann – er alltaf ályktað að lækka beri tolla og fella niður vörugjöld. Þvílík andskotans hræsni sem þessi flokkur er að bera á borð fyrir okkur.

athygli mína – það sem ég svo sem vissi af fyrri reynslu – að sjálfstæðismenn eru alltaf reiðubúnir til að endurskoða og breyta vörugjalda- og tollamálum þegar þeir eru ekki við völd.

Nú 26. janúar sl. kemur svo önnur grein og nú eftir hina ágætu sjálfstæðiskonu Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur þar sem hún tekur þetta mál upp á ný, og virðist hún meira að segja vera búin að átta sig á því að brauðristar bera mismunandi vörugjöld hvort þær rista brauðið lóðrétt eða lárétt. Já það tekur greinilega sinn tíma að koma þessu inn hjá sjálfstæðismönnum því þessi frétt kom nú í Tímanum um mitt árið 1996 eða fyrir 15 árum síðan. Ég eyddi rúmum tuttugu árum sem formaður Félags raftækjasala o.fl. í baráttu við stjórnvöld um að lækka þessar álögur og alltaf tóku sjálfstæðismenn vel í þessar hugmyndir en eingöngu þegar þeir voru ekki við stjórnvölinn og höfðu engin áhrif.

Fyrirverandi ráðherrar og varaformenn mættu á fundi hjá okkur í Verslunarráðinu og hétu því að bara ef þeir kæmust til valda þá yrði þessu breytt um hæl. En þeir voru nú ekki komnir í stólana fyrir en þeir sviku þetta allt og alltaf var afsökunin sú sama, að þeir væru í samsteypustjórn og hinn flokkurinn vildi þetta ekki! Það er athyglisvert að sjálfstæðismenn virðast alltaf sjá ranglæti tolla og vörugjalda þegar þeir eru utan stjórnar en aldrei þegar þeir eru í stjórn. Það er líka athyglisvert að í öllum Landsfundarályktunum Sjálfstæðisflokksins – já jafnvel tugi ára aftur í tímann – er alltaf ályktað að lækka beri tolla og fella niður vörugjöld. Þvílík andskotans hræsni sem þessi flokkur er að bera á borð fyrir okkur.

Ég barðist nú aðallega fyrir

ur þessarar nefndar að við gengum frá EES-samningnum þar sem við fengum tollfrían aðgang að ESB-svæðinu gegn því að við felldum niður tolla af vörum frá því. En hvað gerir þá Villi? Hann stakk upp á því (örugglega samkvæmt fyrirskipunum æðri stjórnar flokksins) að fella niður alla tolla eins og samið hafði verið um, en kom svo með tillögu um að breyta þeim bara í vörugjöld í staðinn. Sem sagt – neytendur á ESB-svæðinu fengu íslenskan fisk og aðrar vörur á lægra verði en áður, en íslenskir neytendur urðu að borga ríkinu hér okurálögur eftir sem áður, og ekki nóg með það – í mörgum tilfellum hækkuðu álögur á vörur við álagningu vörugjaldanna. Þetta eru nú afrek sjálfstæðismanna á síðustu áratugum við að afnema tolla og vörugjöld.

Það er nóturleg staðreynd að tollar hafa aldrei verið lækkaðir nema þegar Allaballar eða Alþýðuflokksmenn hafa farið með stjórn fjármálaráðuneytisins og/ eða viðskiptaráðuneytisins. Að visu plataði sá skemmtilegi þingmaður Ólafur Þ. Þórðarson einu sinni Þorstein Pálsson og fékk óvænt lækkaða eða fellda niður tolla af skíðabúnaði við síðustu umræðu máls á þingi sem frægt er orðið. Skíðabúnaður er eina afrek sjálfstæðismanna í lækku-num tolla og vörugjalda. Það var einmitt eftir þá gerð sem ég sagði mig úr Sjálfstæðisflokknum og hef ekki kosið hann síðan og mun ekki gera í framtíðinni fyrir en þeir hafa komið þessum málum í gegn.

Já – í tollamálum treysti ég ekki sjálfstæðismönnum til eins eða neins – í þeim málum hafa þeir sannað hið fornkveðna: Gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri.

# KYNNNTU ÞÉR TILBOÐIN OKKAR!

VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:

**KLETTHÁLSI 11 og EIRHÖFÐA** (Bílaþjálarninn)

525 8000  
www.bilaland.is

**bilaland**





**Einvígi aldarinnar. Fischer og Spassky - 40** ár er heiti á sýningu sem var opnuð í Horni á 2. hæð í Þjóðminjasafni Íslands um helgina. Á sýningunni eru munir og myndir sem tengjast skákeiginvígínu 1972. Sýningin stendur fram á haust.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

**GEZE**

## Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.

Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



**JARN&GLER**

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900-www.jarngler.is

Sigrúðu í umbúðakeppni Odda FÍT og Norræna hússins:

## Upplifun að opna pakkann

**D**iðrik Steinsson keramikhönnuður og Jónas Valtýsson grafískur hönnuður urðu hlutskarpastir í keppni um hönnun umbúða úr pappa sem Oddi stóð fyrir í samvinnu við FÍT og Norræna húsið. Umbúðirnar hönnuðu þeir utan um postulínsbollann Gripinn, eftir Diðrik.

„Við vildum leggja áherslu á formið á bollanum,“ útskýrir Jónas. „Handfangið stendur út úr kassanum og þegar lokið er opnað spretta pakkningarnar út. Við það flæða út kaffibaunir sem við notum sem einangrun í kringum bollann. Það er upplifun að opna pakkann.“

Bollinn heitir Gripurinn og hannaði Diðrik hann í Myndlistaskólanum í Reykjavík með fólk sem á erfitt með fínreyfingar í huga. „Það er auðvelt að smeygja bollanum upp í lófann og ekki þarf að stinga fingrum gegnum hanka. Bollinn er tvöfaldur með holrými á milli og hitnar ekki en fólk með liðagigt eða MS hefur oft litla tilfinningu fyrir hita,“ útskýrir Diðrik sem staddur er í Þýskalandi. „Ég vildi einnig gera sérstakan bolla sem tilheyrir ekki stelli heldur undirstrikar eigandann. Handfangið á bollanum er hans sérstaða.“

Diðrik og Jónas vinna saman undir merkinu Virkið og munu sýna vinningsumbúðirnar og bollann í Listasafni Reykjavíkur á HönnunarMars. Áætlað er að koma bollanum á markað í sumar. Þá er ráðgert að keppnin sjálf verði að árlegum viðburði.

heida@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR** High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði


Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum



12 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Fermingartilboð

Gerð **GÆÐA-** og verðsamanburð

**VALHÖLL** Ný hönnun

5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar

Stærð **Verð** **Tilboð**  
120x200 **84.900 kr.** **79.900 kr.**

Verð með íslenskum botni og fótum

www.svefn.is

**Svefn & heilsa**



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00





## Gott fyrir lata

Það er misjafnt frá degi til dags í hversu miklu stuði maður er til að elda. Eitt kvöld vikunnar er ágætt að útbúa eitthvað fljótlegt og einfalt. Reyktur lax með eggjahærðu er þannig réttur.

### LAX MEÐ EGGJAHÆRÐU

2 sneiðar rúgbrauð, beygla eða annað brauð eftir smekk  
4 sneiðar reykstur lax

#### Eggjahæran

5 egg  
½ dl matvinnslurjómi  
50 g smjör  
Salt og nýmalaður pipar  
1 msk. estragon

#### Paprikusalsa

½ agúrka, klofin í tvennt og fræin tekin úr  
½ gul paprika, skorin í bita  
Safi úr hálfri límónu  
1 msk. jómfrúarolía  
3 radísur

#### Aðferðin

Þeytið egg og rjóma saman í stálskál. Sjóðið vatn í potti og setjið stálskálina þar ofan á. Hrærið eggin þar til þau byrja að stífna. Setjið þá kalt smjórið saman við. Dreifið fersku estragoni yfir ásamt salti og pipar.

Kljúfið agúrkuna og losið fræin frá með teskeið. Skerið síðan í litla bita. Blandið saman við paprikubita og vætið með límónusafa og olíu. Rifið radísur með rifjárn og setjið ofan á.

Leggið sneiðar af reyktrum laxi á brauðið og eggjahærðu þar ofan á. Berið fram með paprikusalsa og skreytið t.d. með dilli.



Reyktur lax með eggjahærðu á góðu brauði.

NORDICPHOTO/GETTY


## Áfengið er fitandi

Það leynast margar hitaeiningar í einu glasi af léttvíni.

Þeir sem vilja passa þyngdina þurfa að gæta sín á alkóhóli. Ef ákveðið er að efna til veislu er þó hægt að velja vín sem inniheldur minni sykurlaugar en meiri. Mjög misjafnt er eftir tegundum hve sykurlaugarinnihald er mikið. Á það við um rauðvín, hvítvín og freyðivín. Þurr hvítvín eru sykurlaugarinnihald en þau sætu. Rauðvín eru einnig mismunandi sæt en ráðgjafar í Vínbúðinni geta eflaust aðstoðað fólk vilji það vín með litlum sykri.

Samkvæmt könnun sem gerð var í Noregi var ein tegund rauðvíns með 0,1 gramm af sykri í einum lítra á móti 120 grömmum í annarri tegund. Sætasta hvítvinið í þarlandri vínbúð var með 254,7 grömm af sykri í einum lítra. Ef fólk vill vera meðvitað um kaloríurnar ætti það að forðast bjór og sterkt áfengi með gosi.

Í hálfum lítra af bjór sem er 4,7 prósent að styrkleika eru 200 hitaeiningar. Það eru 100 hitaeiningar í einu glasi af hvítvíni og 105 í einu glasi af rauðvíni.



### Einföld ísuppskrift

Hver sem er getur búið til ljómandi góðan ís.

Mörgum vex það mjög í augum að búa til ís heima. Það er hins vegar afar einfalt mál ef rétt uppskrift verður fyrir valinu. Hér er ein sem er sérlega einföld en mjög góð, auk þess sem hægt er að leika sér að vild með innihaldið. Sumir kjósa að setja niðurskorin jarðarber, aðrir vilja súkkulaðispæni og salthnetur og enn aðrir slettu af sérri eða niðurskorið fyllt súkkulaði.

Heimagerður ís  
4 eggjarauður  
1 egg  
100 g sykurlaugar  
½ l rjómi

Eggið, eggjarauðurnar og sykurlaugar eru þeytt þar til úr verður ljós og létt blanda. Þá er rjóminn þeyttur og blandað saman við eggjablönduna. Þegar þessu er lokið er fyllingu að eigin vali bætt við, blandan sett í þar til gert box með loki og inn í frysti.



Fátt jafnast á við heimagerðan ís.



**Hefur þú starfað við framreiðslu eða bakaraíðni í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í greinunum?**

### Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IDUNA fræðslusetur í síma 590-6400.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.idan.is/radgjof](http://www.idan.is/radgjof). Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið [radgjof@idan.is](mailto:radgjof@idan.is).

Verið er að vinna samskonar verkefni í matreiðslu, matartækni, kjötiðni, kjötskurði, húsmíði, pípuögnum, málm- og véltækni-greinum.



**Hefur þú starfað við matreiðslu eða kjötiðni í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í greinunum?**

### Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig

Vorur að fá gott mjög vel staðsett 152 fm. raðhús á einni hæð ásamt 28 fm bílskúr.samtals 180 fm. Fjögur svefnherbergi. Suður garður. Mög. að taka minni eign upp í kaupverð. V. 50,9m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

### Sérhæðir



Falleg sérhæð með bílskúr, aðkoma frá Rauðagerði Um er að ræða fallega og mikil endurnýjaða 178,5 fm sérhæð við Sogaveg í Reykjavík. Endurnýjað eldhús með fallegri innréttingu, 4 svefnherbergi. Vönduð gólfefni og skemmtilegt skipulag. Bílskúrin er 28,8 fm. Verð 38,9 millj. Allar uppl. um eignina veitir Heiðar í s:693-3356 eða á heidar@valholl.is



**Kópaland-bílskúr**  
Glæsileg 4-5 herb. íbúð á 2 hæð með séring. (gengið beint inn) ásamt 22 fm bílskúr á frábærum útsýnisstað. (ekkert byggt aftan við húsið) Skólinn og öll þjónusta við hendina. 3 rúmgóð svefnherb. Sérþvottahús. Parket. Vandaðar innréttingar. Sérstaklega vel um gengin eign í barnvænu umhverfi. Mjög stórar suður-svalir. Eign í sérflökki. Verð 35,8 m. Uppl. veitir Bárður í 896-5221.

### 4-6.herb./sérhæðir



**Kópavogur - penthouseíb.**  
Glæsileg 4ra herb. (140 fm) íbúð á 11 hæð (íbúð á 2 hæðum) penthouseíbúð í vönduðu lyftuhúsi ásamt stæði í bílskýli. 2 stofur, 2 svefnherbergi. Gott sjónvarpshol og annað til. 2 baðherbergi. Sérþvottahús. Parket á gólfum. Einstakt útsýni til vesturs og víðar. Stór útbýgður borðrökrur með frábæru útsýni. Verð 35 millj. Uppl. veitir Bárður í 8965221.



**Sóleyjarími- efsta h.- m. bílskýli fyrir 50+**  
Vorur að fá glæsilega ca 100 fm íbúð á efstu hæð, glæsilegt útsýni, sér inngangur af svölum, stórar suðursvalir. Vönduð björt vel skipulögð íbúð. V. 27,5m. Nánari uppl. Ellert 893-4477



**Góð 4ra herb. með bílsk. við Stóragæði.**  
Um 120 fm 4ra herb. góð endaíbúð á þriðju hæð, með bílskúr við Stóragæði í Reykjavík. Íbúðin er töluvert endurnýjuð og ástand húsins er gott. Sameign til fyrirmyndar. Verð 26,9 millj. möguleg skipti á sérbyli í Reykjavík. Allar uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.



**Funalind.**  
Mjög góð 115 fm íbúð í mjög vel staðsettri lyftublokk, suðvestur svalir. Parket og flisar á gólfum. V. 27,5m. Áhv. ca. 24,7m við Íslandsbanka. Nánari uppl.



**Fellsmúli - Rvúmgóð útsýnisíbúð.**  
Falleg og velskipul. 109 fm íb. á 4.hæð í Steniklæddu fjölb. á rölegum stað í lokaðri götu. Parket, endurn. baðherb., m. sérloft þvottavél+þurkara. Vestur svalir með frábæru útsýni yfir Borgina. Verð 24,9 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

### 3ja herbergja



**Hjaltabakkí - neðra Breiðholt**  
Falleg 3ja herb. 84 fm íbúð í góðu fjölbýli. Eigninni hefur verið vel viðhaldið og allur frágangur til fyrirmyndar. 2 aukaherbergi sem húsfélagið á eru leigð út sem skapar tekjur fyrir húsfélagið. Verð 16,5 m. uppl. Pórarinn s. 844-6353



**Viðimelur - hús allt endurnýjað.**  
Góð mjög vel skipulögð ca 85 fm íbúð á 3.hæð. Íbúð er mikil endurnýjuð. Parket á flestum gólfum. Stórar suðursvalir. V. 25,9 m. Áhv. góð lán. Nánari uppl. Ellert 893-4477



**Sólheimar tvennar svalir.**  
Vorur að fá mjög góða mikil endurnýjaða ca 90 fm íbúð á 3.hæð. Nýtt eldhús, baðherbergi endurnýjað, suður svalir glæsilegt útsýni. V. 24 m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

### 2ja herbergja



**Melhagi Ný eign með Bílskýli**  
Störglæsileg ný 70,1 fm íbúð ásamt stæði í bilgeymslu á besta stað í Vesturbænum. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Fallegur gróinn garður og afgirt verönd með fram íbúðinni. Verð 28,9 millj Bókun á skoðun Sigbór Bragason S: 899 9787



**Melhagi - Hjarta vesturbæjar**  
Góð íbúð í kjallara fjórþýlis við þessa fallegu götu í vesturbæ Reykjavíkur. Stofa er með gluggum er vísa út að garði. Stórt svefnherbergi. V. 16 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520



**Ugluhólar - Útsýni**  
Góð 2ja herb. íbúð á 3. hæð með fallegu útsýni til suðurs. Íbúðin er laus fljótlega en verið er að rýma hana. Áhvilandi 12,4 millj. með 4,15% vöxtum, mánaðarleg greiðslubyrði á 57 þ. Verð 14,5 m. Uppl. Pórarinn s. 844-6353



**Fururgrund -mikið áhv.**  
Góð mikil endurnýjuð 57,2 fm. íbúð á efstu hæð í mjög vel staðsettri blokk. V. 15,5m. áhv. ca 13,5m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

### Sumarhús



**Störglæsilegt í Húsafelli**  
Afar vandað 81 fm sumarhús á steyptri plötu á birki vaxinni lóð í eldri hluta Húsafellsskógar. Innbú fylgir með í kaupum. Þrjú óvenju stór svefnherbergi og eru tvö með tvíbreiðum rúmum og það þriðja með kójum. Útgengt er á pall frá stofu sem er m. heitum potti. V. 26 millj. Uppl. Sigbór S: 899-9787



**Sumarhúsaloð Apavatni 21**  
Eignarlóð við Apavatn. Ein best staðsetta lóðin í landi Vatnsholts, lóðin er jafarlóð efst í landinu suð-austan við Apavatnið og með miklu útsýni. Lóðin er í grónum móum og er víðsýnt frá henni og er útsýni yfir Apavatnið og til fjalla mjög fallegt. V. 1,8 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

## Eignir óskast

- Vantar 90-140 fm íbúð í hverfi 101, uppl. veitir Bárður í 8965221
- Vantar 140 – 200 fm stóra íbúð, hæð eða hús í 101, uppl. veitir Bárður í 8965221
- Vantar 2ja herb. íbúðir í Reykjavík eða Kópavogi fyrir fjásterkan fjárfesti, uppl. veitir Bárður í 8965221
- Vantar 2-4 herb. íbúð með hárra veðsetningu frá íbúðalánasjóði, uppl. veitir Bárður í 8965221
- Vanta 2ja til 3ja herb. á Skúlagötu eða Lindargötu fyrir eldri borgara. Uppl. Ellert 893-4477
- Vantar fyrir byggingarm. byggingarframkvæmdir, eða lóðir, má vera stutt komið. Uppl. Ellert 893-4477
- Vantar 2ja og 3ja í 104- 105 eða 108 um staðgreiðslu yrði að ræða. Uppl. Ellert 893-4477
- Vanta 3ja með miklu áhvilandi svæði 105,108,200 Uppl. Sigbór sími 899 9787.
- Vantar góða 2ja-3ja herb. fyrir ákveðinn kaupenda. Svæði 101-108. uppl. Sigbór sími 899 9787.

Mikil sala - Vantar allar tegundir eigna í sölu. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.



**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is

KJARNNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 WWW.FASTMOS.IS



**Ástu Sólliljugata 1-7 - 270 Mosfellsbær**  
**\*Nýtt á skrá\*** Erum með í sölu byggingaframkvæmd. Um er að ræða tvö 209,8 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum og fjórar 150-156 m<sup>2</sup> sérhæðir í 2 húsum. Húsin eru skráð á byggingarstigi 4 - fókheld eign, en engir gluggar og hurðir eru í húsinu. Húsin eru verða seld í einu lagi og í núverandi ástandi. **V. 83,8 m.** 10272

**Langamýri 59 - 210 Garðabær**




**\*Nýtt á skrá\***

Mjög björt og vel skipulögð 97,2 m<sup>2</sup>, 3-4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinnangi við Löngumýri 59 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, 3 herbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og geymslu innan íbúðar. Íbúðinni fylgir líka 5,2 m<sup>2</sup> sér geymsla í kjallara. Stutt í skóla og alla þjónustu. **V. 23,5 m.** 10275

**Ólafsgæisli 20 - 113 Reykjavík**



**OPÍÐ HÚS**



Sérlega glæsileg 166,3 m<sup>2</sup> neðri sérhæð með bílskúr á frábærum útsýnisstað við Ólafsgæisla í Grafarholti. Eignin getur verið laus til afhendingar við kaupsamning. Eignin er mjög falleg og vel umgengin. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Parket og náttúruflísar eru á gólfum. Mjög glæsilegt útsýni er frá húsinu. Örstutt er út í náttúruna og á gólfvöllinn. **V. 49,9 m.** 10254

**Opíð hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

**Dimmuhvarf 1 - 203 Kópavogur**



**\*Nýtt á skrá\***



Mjög glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Dimmuhvarf 1. Húsið stendur á 1.544 m<sup>2</sup> falllegri lóð með glæsilegu útsýni við Elliðavatn. Einbýlishúsið er 207,9 m<sup>2</sup> og bílskúrin 55,1 m<sup>2</sup>. Þetta er stórglæsilegt hús með glæsilegu útsýni. Mjög fallegar sérsníðaðar innréttingar og gólfefni. Mikil lofthæð með falllegri lýsingu og incubus kerfi. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 79,5 m.** 10266



**Hlynasalir 5-7 - 201 Kópavogur**  
**\*Nýtt á skrá\*** Falleg 91,2 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjögurra hæða lyftuhúsi við Hlynasalir 5-7 í Kópavogi. Íbúðinni fylgir bílastæði í bílakjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, 2 svefnherbergi og þvottahús innan íbúðar. **V. 24,0 m.** 10252

**Klapparhlíð 5, íbúð 101 - 50 ára og eldri**



**OPÍÐ HÚS ÞRÍÞJÚD.**



**\*Nýtt á skrá\***

Mjög falleg 118,3 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja endaíbúð á 1.hæð í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri, ásamt bílastæði í bílakjallara við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. Þetta er vönduð íbúð í falllegu húsi. **V. 32,9 m.** 10260 **Opíð hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**

**Klapparhlíð 1, íbúð 403 - 50 ára og eldri**



**OPÍÐ HÚS ÞRÍÞJÚD.**



**\*Nýtt á skrá\***

Mjög falleg 89,5 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri, ásamt bílastæði í bílakjallara. Fallegar innréttingar og gólfefni. Þetta er vönduð íbúð í falllegu húsi. Stutt er í glæsilega inni- og útisund.og líkamsræktarstöð. Einnig er gólfvöllur stutt frá. Glæsilegt útsýni. **V. 25,9 m.** **Opíð hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**

**Lækjartún - 270 Mosfellsbær**



**\*Nýtt á skrá\***

Mjög falleg 235,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr við Lækjartún í Mosfellsbæ. Eignin er skráð 235,2 m<sup>2</sup>, þar af íbúð 202,0 m<sup>2</sup> og bílskúr 33,2 m<sup>2</sup>, en óskráð íbúðarrými í kjallara er ca 45 m<sup>2</sup> í viðbót. Stór og fallegur garður með sundlaug og timburvernd með heitum potti. **V. 55,0 m.** 10259



**Smáratún 7 - 800 Selfossi**  
**\*Nýtt á skrá\*** 3ja herbergja, 55,5 m<sup>2</sup> risibúð. Íbúðin skiptist í hol, stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Áhvalandi er lán ca. 10,8 m. hjá íbúðalánsjóði. **V. 12,9 m.** 10250

**Hamrabrekkur 9 - 270 Mosfellsbær**



**\*Nýtt á skrá\***

Fallegt sumarhús/heilsárskúsi við Nesjavallarveg, í Mosfellsbæ. Húsið, sem er byggt árið 1999 er 49 m<sup>2</sup> timburhús, en auk þess er gott svefnloft. Einnig er búið að byggja við húsið ca. 12 m<sup>2</sup>. Við hlíð hússins er ca. 12,5 m<sup>2</sup> geymsla/þvottahús með steypu gólfi, en á milli þessara bygginga er kalt yfirbyggt rými með hellulögðu gólfi. 3.147 m<sup>2</sup> eignarlóð með mikilli trjárekt og glæsilegu útsýni! **V. 19,9 m.** 10243

**FJÖLVARP** CNN

Piers Morgan tók við af Larry King og er alla daga með þátt sinn á CNN þar sem hann spyr fræga og fina fólk með spjörum úr og dregur ekkert undan.

Alla daga kl. 19.00 og 01.00

**PIERS MORGAN tonight**

Discovery Channel er fánæg í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR

**GARÐABÆR LJÓSAKUR 2-8**

**4 lóðir til sölu fyrir fjölbýli**

Ljósakur 2-8, byggingaréttur fyrir 6 íbúða hús á hverri lóð. Hvert hús er 2 hæðir (6 íbúðir) og sameign í kjallara. Hægt er að bjóða í hverja lóð fyrir sig eða allar í senn. Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi á skrifstofu Laugarakurs í Mosfellsbæ, Kjarna Þverholti 2, 6. hæð, fyrir kl. 10:00 fimmtudaginn 8. mars og verða þau opnuð í viðurvist bjóðenda.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Laugarakurs, í síma 414 6900 eða tölvupósti: orn@arnarnes.is

**LAUGARAKUR HF.**  
 Árakri 10 | Garðabæ | Sími 414 6900

**Takk fyrir vatnið**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is



Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og löqaltur fasteignasali • Einar Guðmundsson löqaltur fasteignasali

Hafðu samband í síma **552 1400**

## Eignir vikunnar

### Litlagerði 8, RVK. - Einbýli með stórum bílskúr, LÆKKAD VERÐ



Gott einbýli, vel staðsett í hverfi 108. Stór og góður bílskúr. Húsið er á þremur hæðum, 60 fm. fm íbúð í kjallara. 2 innkeyrslur að húsi, önnur í garð, þar sem er gott pláss fyrir hjólhúsi og þessháttar. Staðsett rétt fyrir ofan Fossvog, mjög góðar stofur. Stutt í skóla og verslanir. Húsið er laust við kaupsamning. Verð 42,9 millj.

### Traðarland Fossvogi



Fallegt, vel skipulagt einbýlishús á einni hæð við Traðarland í Fossvogi. Í húsinu eru 4 svefnh., stórar stofur, eldhús, baðherbergi, innbyggður bílskúr o.fl. Góð lóð með skjólgóðum pöllum. Gott hús á frábærum stað. Tækifæri til að eignast gott hús á einni hæð. Verð 70 millj.



Við styrkjum Hluti af öllum sölulaunum sem greidd eru til Foldar-fasteignasölu fer til styrktar ABC hjálparstarfi.

### Hesthamrar 4 - einbýli - OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. FRÁ KL 17-17:30



Ca. 186 fm. fallegt, vel skipulagt einbýli á einni hæð á rólegum og góðum stað í Hamrahverfi, Grafarvogs. Fjögur rúmgóð svefnherbergi, góðar stofur, fallegur garður og góð útiástaða. Skipti möguleg á minni eign í Grafarvogi. Verð 51,9 millj. **Opið hús þriðjudag 6.3 frá kl. 17-17:30**

### Veghús 17, 2. hæð m. bílskúr - OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG FRÁ KL. 17.30-18



Björt og falleg 4ra herbergja íbúð með bílskúr við Veghús 17. Íbúðin er með nýlegum gólfefnum og litur öll mjög vel út. 3 svefnherbergi, suðursvalir, þvottaherbergi innan íbúðar. Verð 25,9 millj. **Íris, gsm. 698-2160 sýnir í opnu húsi, þriðjudaginn 6.3 frá klukkan 17.30-18. Verið velkomin.**

### Hvammserði 8 - opið hús



Falleg og talsvert endurnýjuð neðri sérhæð í þrjúhúsi á þessum góða stað í Gerðunum. Björt og góð stofa og 2-3 svefnherbergi ásamt ca 22 fm aukaherbergi í kjallara. Ný standsett baðherbergi og búið er að endurnýja öll gólfefni og fl. Verð 31,9 millj. **Opið hús er á eigninni í dag mánudag milli kl. 17:30 og 18:30. Verið velkomin! Nánari upplýsingar gefur Einar Guðmundsson, löggiltur fasteignasali s. 896-8767.**

## Hvað kostar eignin mín? á Fold.is

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00 • Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is • Þjónustusími sölumanna eftir lokun 694 1401



**Telma Róbertsdóttir**  
Löggiltur fasteignasali  
GSM: 899 5611  
telma@husin.is



**Ólafur Sævarsson**  
Sölumaður  
GSM: 820 0303  
oli@husin.is



**Sigurður Fannar**  
Sölumaður  
GSM: 897 5930  
siggifannar@husin.is



**Fanney Jólisdóttir**  
Ritari  
fanney@husin.is



**HÚSIN Í BORGinni**  
F A S T E I G N A S A L A  
Sími 511 5005 • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík

### Garðatorg - 210 Garðabær



68.7m<sup>2</sup> verslunar, skrifstofa eða þjónustuhúsnæði á besta stað í Garðabæ. **V. 15,9 m.**

### Drápuhlíð - 105 RVK



Góð 2ja herb. íbúð á jarðhæð á þessum rólega stað. Eldhús nýlega tekið í gegn. **V. 17,2 m.**

### Naustabryggja - 112 RVK



Mjög góð 92 fm 3ja herbergja íbúð á 1.hæð með stórum suður sólpalli. Fallegar innréttingar. **V. 23,9 m.**

### Erluás 38 - 221 Hafn.fj.



**Opið hús í dag, mánudag 5. mars 17:30 - 18:00**

Glæsilegt einbýli. 252,6fm þar af bílskúr 40 fm 4. Svefnherbergi. Nýlega verið endurnýjað að miklu leyti. Áhvil: 34 m. **V 66,9 m.**

### Grenigrund 6 2.hæð - 200 Kóp. **Opið hús í dag, mánudag 5. mars 18:30-19:00**



Góð 125,6 fm 3ja-4ra herb. sérhæð á 2.hæð þ.a 26,2 fm bílskúr. Fallegt útsýni er úr íbúðinni. **Tilboð**

### Sóltún - 105 RVK



Mjög góð 95 fm 2ja herb. íbúð á 1. hæð með tvennum söllum. Staði í bilag. Sérsmíðaðar innréttingar, gólfhitu góð gólfefni. **V. 28,9 m.**

### Dísarás 8 - 110 RVK



Tveggja hæða 213,4 fm 6 herb. raðhús á 2.hæð þar af 42 fm bílskúr. **V 46,9 m.**

### Rósarimi 2 - 112 RVK **Opið hús í dag, mánudag 5. mars 17:30 -18:00**



Glæsileg 2ja - 3ja herb. íbúð á 1. hæð með úttegni út á verönd. Íbúðin getur losnað fljótt. Áhv.15,5 m. afb. 65 þ. **V 19,9 m.**

## Er ódýrara að kaupa en að leigja?

Fullbúna 4ra herb. íbúðir í lyftuhúsi með staði í bílageymslu við Boðarþing 2-4, 203 Kópvogi  
177 þúsund greiðsla á mánuði  
90-95% óverðtryggð lán  
10% lán frá seljanda vaxtalaust í 3 ár.

**Verð 36,9 m.**



# FASTEIGNAKAUP

Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - [www.fasteignakaup.is](http://www.fasteignakaup.is)

Erna Valsdóttir löggiltur fast., skípa og fyrirtækjasali - leigumiðlari.

Hvort sem þú ert að selja, kaupa eða leigja fasteign leggjum við metnað okkar í að veita þér persónulega og faglega þjónustu.



Erna Valsdóttir



Sveinn Skúlason



Guðmundur Valtýsson

## Atvinnuhúsnæði við Bíldshöfða til leigu eða sölu



Gott 320 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. Húsnæðið skiptist í 7 lokaðar skrifstofur (1-2 manna og 3-4 manna), fundarherbergi, móttökurými á gangi, laganaströklar og kerfisloft. Snyrtilegt húsnæði í alla staði. **Laust strax**

## Skógarás, 110 Reykjavík.



Þriggja herbergja 86,1 fm íbúð á annari hæð með útsýni við Skógarás í Árbæjarhverfi.

**Verð 21,5 millj.**

## Álfaskeið, 220 Hafnarfjörð.



Fimm herbergja 111,2 fm, endaíbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi við Álfaskeiði í Hafnarfirði.

**Verð 20,8 millj.**

## Digranesvegur 200 Kópavogi



Falleg og vel skipulagða 4ra herbergja 96,9 fm útsýnishæð með 27,3 fm bílskúr í Kópavogi. Alls 124,2 fm.

**Verð 29,9 millj.**



Búmenn hsf  
Húsnæðisfélag  
Klettháls 1  
110 Reykjavík  
Sími 552 5644  
Fax 552 5944  
bumenn@bumenn.is  
www.bumenn.is

## Búmenn auglýsa íbúðir

### Búseturéttur á markaðsverði



#### Blásalir 24 í Kópavogi

Til sölu er búseturéttur í 3ra herbergja íbúð sem er um 98 fm á jarðhæð í tíu hæða fjölbýlishúsi. Svalir eru yfirbyggðar. Tvær lyftur eru í húsinu og fylgir aðgangur að samkomusal. Ásett verð er kr. 5,1 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 130.000.- Í mánaðargjöldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.



#### Blásalir 24 í Kópavogi

Til sölu er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 92 fm á áttundu hæð í tíu hæða fjölbýlishúsi. Íbúðinni fylgir stæði í bílakjallara og eru svalir yfirbyggðar. Tvær lyftur eru í húsinu og fylgir aðgangur að samkomusal. Ásett verð er kr. 10,9 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 109.000.- Í mánaðargjöldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.



#### Smyrslaeiði 9 í Hveragerði

Til sölu er búseturéttur í 98 fm endaíbúð í fjögurra íbúða raðhúsi á einni hæð. Íbúðin er ígildi 3ja herbergja. Íbúðinni fylgir stæði í bílakjallara og fylgir aðgangur að samkomusal. Ásett verð er kr. 3 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 134.000.- Í mánaðargjöldinu er allt nema rafmagn og hiti samkvæmt mæli.



#### Þjóðbraut 1, Akranesi

Til sölu er búseturéttur í 3-4 herbergja íbúð um 105 fm. Íbúðin er á sjöundu hæð í átta hæða lyftuhúsi. Stæði í bílakjallara fylgir íbúðinni. Ásett verð er kr. 7 millj. og mánaðargjöldin eru um kr. 153.000.- Í mánaðargjöldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðirnar og taka þátt í að gefa tilboð þurfa að panta tíma á skrifstofu Búmannna í síðasta lagi 12. mars n.k. Tilboðsfrestur er til 16. mars n.k.

Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.

Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1 í síma 552-5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á netfangið bumenn@bumenn.is

## BÚMENN AUGLÝSA ÍBÚÐIR

### Kríuland 8 í Sveitarfélaginu Garði

Til endurúthlutunar er búseturéttur í parhúsi. Íbúðin er 3ja herbergja ásamt bílskúr. Íbúðin er um 90 fm og bílskúrinn um 30 fm. Verð búseturéttarins er um kr. 3,4 millj. og eru mánaðargjöldin um 111.000.-. Í mánaðargjöldunum er allt innifalið nema rafmagn samkvæmt mæli.

### Prestastígur 9 í Reykjavík

Til endurúthlutunar er búseturéttur í 3ja herbergja íbúð sem er um 95 fm. Íbúðin er á fimmtu hæð í fimm hæða fjölbýlishúsi og fylgir stæði í bílakjallara. Í húsinu er lyfta og fylgir aðgangur að samkomuhúsi. Verð búseturéttar er um kr. 3,8 millj. og mánaðargjöld um 130.000.-. Í mánaðargjöldi íbúðarinnar er allt innifalið nema rafmagn samkvæmt mæli.

Umsóknarfrestur er til 12. mars n.k.

Hægt er að fá nánari upplýsingum á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl. 9-15. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar og aðrar íbúðir í sölumæðferð á heimasíðu Búmannna.

## FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is

Rúnar S. Gíslason hdl.,  
Lögg. fasteignasali

Opið hús í dag, 5. mars kl. 17:00-17:30  
Vesturvangur 10, 220 Hafnarfjörður



Fallegt ca. 290 fm einbýli á tveimur hæðum innst í botnlanga. Á neðri hæð er lítil studióíbúð með sérinnngangi sem hentar vel til útleigu eða sem vinnustofa. Garðurinn skiptist í ósnortið mosa-gróid hraun, grasigróna túnbletti og trjágróður. Um er að ræða eign sem hefur verið vel við haldið. **Verð 57,4 millj.**

Upplýsingar gefa: Páll í síma 699 4994 eða pall@fasteignasalan.is  
Aldis í síma 866 6686 eða aldís@fasteignasalan.is

Ögurharvi 6 • 203 Kópavogi • www.fasteignasalan.is



Háholt 14, Mosfellsbær  
Sími: 588 5530 • berg@berg.is  
www.berg.is  
GSM 897 0047

Pétur Pétursson lögg. fasteignasali  
Petur@berg.is

Vantar eignir á skrá. Góð sala



### Kvíslartunga.

Glaslegt 279 fm. parhús á tveimur hæðum við Kvíslartungu. 80 fm svalir á bílskúrsþaki. Lyklar á skrifstofu. **V. 31,5** 8096



### Stórikriki. Mosfellsbæ.

Mjög vel staðsett 219 fm. raðhús á tveimur hæðum við Stórakrika í Mosfellsbæ. Húsið athendist fókelt. Laust strax. Lyklar á skrifstofu. **V. 25,5** m. 8437



### Engjavegur í Mosfellsbæ.

Vel staðsett 233 fm. einbýli á tveimur hæðum á frábræum stað í Mosfellsbæ. Stór eignarlóð. Stór bílskúr. Nýr sólþallur og heitur pottur. Gróðurhús. Eign í góðu viðhaldi. **V. 41,5** m. 5507



### Aspargvegur-Mosfellsbær.

Vel staðsett 225 fm. einbýli, þar af 60 fm. bílskúr með litill aukabúð. Sólstofa með kaminu. Fallegur garður í góðri rækt. 4 góð svefnherbergi. Húsið er laust í vor. **V. 41,0** m. 7952



### Kársnesbraut.

Fallegt 208 fm. einbýli með glaslegt útsýni yfir Fossvoginn. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Glaslegur garður. Eign í topp viðhaldi. **V. 43** m. 8283



### Hesthús-Skuggabakki.

55 fm. 7 hesta hús við Skuggabakka í Mosfellsbæ. Gott gerði og nýlegt þak. Gott hús á góðu verði. **V. 7,9** m. 8459



### Krókahraun.

Falleg 106,6 fm. íbúð á efri hæð í litlu fjölbýli auk 32 fm. bílskúrs á góðum stað í Hafnarfirði. Góðar innréttingar og vel skipulögð íbúð. Topp eign í góðu viðhaldi. **V. 29,9** m. 8494



### Rauðás.

Flott 109 fm. 4.ra herb. íbúð á 3. og elstu hæð við Rauðás. Glaslegt útsýni. Parket og flisar. Þvottahús inn af eldhúsi. Björt stofa og 3 góð svefnherbergi. **V. 26,9** m. 8499

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

BYLGJAN 25 ÁRA 989

## Heimir & Kolla vakna með þér í bítíð

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar







## Loksins stakar íbúðir!

Loksins bjóðast stakar íbúðir í glæsihýsinu Tryggvagötu 18. Stærð íbúða eru allt frá 75 m<sup>2</sup>. T18 er vönduð bygging þar sem hugað er að hverju smáatriði og öll efni valin með tilliti til bestu endingar og hæstu gæða. Íbúðir án hliðstæðu á Íslandi. Spennandi fjárfestingarkostur á einstökum stað í miðbæ Reykjavíkur.

Í húsinu eru tvær stórbrotnar Penthouse íbúðir, sú minni 180 m<sup>2</sup> og sú stærri 330 m<sup>2</sup> með stórrri verönd. Allar íbúðirnar eru fullkláraðar og innréttaðar í hæsta gæðaflokk. Innréttingar eru frá Poliform Ítalíu sem er eitt virtasta innréttingafyrirtæki heims.

Hafðu samband við sölumenn Mikluborgar og kynntu þér málið, sími 569 7000

F A S T E I G N A S A L A N  
**MIKLABORG**

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**T18**

www.t18.is

Allar íbúðir með suðursvalir. Tvö verslunarrými á jarðhæð um það bil 70 m<sup>2</sup> hvort. Bílastæðahús. Aðkoma er um fjögur einstaklega glæsileg aðskilin stigahús með lyftum. Náandarskynjarar og fjarstýrðar læsingar veita íbúum lykklalaust aðgengi að eigninni.

Tímalaus hönnun og hæstu gæði einkenna T18, eina glæsilegustu íbúða-byggingu sem risið hefur í Reykjavík.

**569 7000**

- með þér alla leið -

[www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - [www.hraunhamar.is](http://www.hraunhamar.is)

**PÓRSGATA 2-101 RVK – PENTHOUSE ÍBÚÐ.**



Hraunhamar fasteignasala kynnir glæsileg 143,2 fermetra lúxus íbúð á efstu hæð í nýlegu húsi þessum frábæra stað við Þórsögötu 2 í 101 Reykja-vík. Aðeins ein íbúð á efstu hæðinni. Eigninni fylgir einnig tvö stæði í bílageymslu. Eignin skiptist í forstofu, gang, stofu, borðstofu, sólstofu, eldhús, snyrtingu, þvottahúsi, sjónvarpshol, herbergi, hjónaherbergi, fataherbergi, baðherbergi, geymslu, tvö stæði í bílageymslu ásamt hefðbundinni sameign. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Stórar þaksvalir. Eign í algjörum sérflokk. **Verð 65.millj.**  
Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður gsm 8960058. [thorbjorn@hraunhamar.is](mailto:thorbjorn@hraunhamar.is)

Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.

## TIL SÖLU TIL SÖLU TIL SÖLU

Tilboð óskast í hluta eða allar fasteignirnar Víðines á Kjalarnesi, Eyrarveg 2, Þórhöfn, Kirkjubraut 37, Akranesi og Vestmannabraut 22, Vestmannaeyjum



**15158 – Víðines – Kjalarnesi – fyrrum hjúkrunarheimili.**

Tilboð óskast í hjúkrunarheimili, skrifstofubyggingu, eldhús ásamt tengibyggjum og talin vera 2.265,8 m<sup>2</sup> skv. Þjóðskrá Íslands - Fasteignaskrá. Húsin standa á samtals 16.703 m<sup>2</sup> leigulóð. Húseignirnar eru til sýnis í samráði við Ríkiskaup, Borgartúni 7, 105 Reykjavík í síma 530 1400.



**15156 – Vestmannabraut 22, Vestmannaeyjum, eignarhluti Íslandspóstshf.**

Tilboð óskast í afgreiðsluhúsnæði, vinnusal, skrifstofuhúsnæði, kaffistofur, geymslur og snyrtingar á 1. og 2. hæð ásamt herbergjum í kjallara og hlutdeild í sameign. Húsnæðið er byggt úr steinsteypu árið 1950 og talið vera 823,9 m<sup>2</sup> samkvæmt Þjóðskrá Íslands - Fasteignaskrá. Húseignin verður til sýnis í samráði við Önnu Sigríði Grímsdóttur í síma 481 1000 og Ríkiskaup í síma 530 1400.

Tilboðseyðublöð liggja frammi hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði. Gögnin eru aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is). Tilboð skulu berast til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík fyrir kl. 10:00 þann 13. mars 2012 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c • 105 Reykjavík • Sími 530 1400 • [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)



**14823 Kirkjubraut 37 – Akranesi - eignarhluti Íslandspóstshf.**

Tilboð óskast í afgreiðsluhúsnæði á 1. hæð, stórt herbergi og kaffiástöðu á 2. hæð og geymslur í kjallara ásamt hlutdeild í sameign. Húsnæðið er byggt úr steinsteypu árið 1958 og talið vera 388,6 m<sup>2</sup> samkvæmt Þjóðskrá Íslands - Fasteignaskrá. Húsnæðið er til sýnis í samráði við Þór Reynisson í síma 431 1001 og Ríkiskaup í síma 530 1400.



**15207 Eyrarvegur 2 – Þórhöfn - Laugarnesbyggð.**

Tilboð óskast í skrifstofuhúsnæði á efri hæð hússins. Húsnæðið er byggt úr steinsteypu árið 1953 og talið vera 155,8 m<sup>2</sup> skv. Þjóðskrá Íslands - Fasteignaskrá. Húsnæðið er til sýnis í samráði við Jón Stefánsson í síma 891 9309 og Ríkiskaup, Borgartúni 7, 105 Reykjavík í síma 530 1400.

**FJÖLVARP** Discovery CHANNEL

Alla virka daga **kl. 18.00**

**MYTHBUSTERS**

Discovery Channel er fánægill | FJÖLVARP ALLT | FJÖLVARP FRÆÐSLA | FJÖLVARP TOPPUR | FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

RÍKISKAUP







FASTEIGNASALA  
**fasteign.is**

Ólafur B. Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.

Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík

**5 900 800**

## ÖRUGG ÞJÓNUSTA - FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

fasteign.is - fasteign fyrir þig

**BÚSETI**  
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

**93,9%**  
mæla með Búseta

Samkvæmt þjónustukönnun  
Capacent mæla 94% íbúa  
með félaginu við vini  
og fjölskyldumeðlimi



**"Þriðja leiðin"**  
á húsnæðismarkaðnum  
Hafðu samband eða  
farðu á [www.buseti.is](http://www.buseti.is)  
og kynntu þér málið!

Búseti hsf. • Síðumúli 10 • 108 Reykjavík • s: 520 5788 • [www.buseti.is](http://www.buseti.is)

Umsóknarfrestur til 14. febrúar nk. - úthlutun 15. febrúar nk.

Bæjarholt 9 íbúð 302  
220 Hafnarfjörður



**3. herb. 96,8 m<sup>2</sup>**

Afhending: 1. apríl  
Íbúð með tekjumarki

Búseturéttur hámark.: 2.299.369,-  
Búseturéttur lágmark.: 2.082.537,-  
Búsetugjald: 81.532,-

Kirkjustétt 7 íbúð 201  
113 Reykjavík



**4. herb. 102,2 m<sup>2</sup>**

Afhending: miður maí  
Aður auglýst - ekki umsóknarfrestur

Búseturéttur hámark.: 3.472.776,-  
Búseturéttur lágmark.: 1.857.845,-  
Búsetugjald: 142.100,-

Lerkigrund 7 íbúð 201  
300 Akranes



**4. herb. 94,0 m<sup>2</sup>**

Afhending: 1. maí  
Íbúð með tekjumarki

Búseturéttur hámark.: 2.300.600,-  
Búseturéttur lágmark.: 1.328.507,-  
Búsetugjald: 80.228,-

Lerkigrund 7 íbúð 301  
300 Akranes



**4. herb. 94,0 m<sup>2</sup>**

Afhending: Strax  
Aður auglýst - ekki umsóknarfrestur

Búseturéttur hámark.: 2.307.495,-  
Búseturéttur lágmark.: 1.355.205,-  
Búsetugjald: 132.062,-

### Vissir þú að...

Húsnæðissamvinnufélagið Búseti er rekið án hanaðarsjónarmiða og er í eigu félagsmanna hverju sinni.

Félagið var stofnað árið 1983 og býður í dag upp á rúmlega 700 íbúðir í Reykjavík, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ og Kópvogi. Þar af heyrir um 200 undir Leigufélag Búseta.

Félagsaðild í Búseta er öllum opin óháð aldri, búsetu og tekjum.

Búseturéttur veitir rétt til vaxta-bóta eins og eignaríbúð nema í þeim tilfellum þar sem tekjumark gildir, þá fást húsaleigubætur.

Mánaðarlegt búsetugjald inniheldur lánakostnað, fasteigna- og fráveitugjöld, fasteignatryggingar, hússjóð, þjónustugjald og framlag í ytri og innri viðhaldssjóð.

Fyrirvari um mögulegar prentvillur og breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka með af samþykktum Málagsins og reglum.



Fjarðargötu 17 - Hafnarfirði  
Sími 520 2600 - Fax 520 2601  
Netfang [as@as.is](mailto:as@as.is)  
Helmasíða [www.as.is](http://www.as.is)  
Opið virka daga kl. 9-17

Kári Halldórsson  
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG frá kl. 17.00 – 19.00.**  
**Kíktu í heimsókn og sjáðu fallegar eignir.**



**Fléttuvellir 24 í H.f.**  
**Verð 46,9 millj.** 208 fm einbýlishús, fjögur svefnherbergi, ný eign og nánast fullbúin að utan og innan. Marinó og Guðmunda taka á mótí gestum. Nánari lýsing og myndir: <http://www.as.is/soluskra/eign/228436/>



**Birkíás 12 í Garðabæ.**  
**Verð 45,9 millj.** 161 fm radhús, fjögur svefnherbergi, falleg og góð eign með góðu útsýni. Stepanka tekur á mótí gestum. Nánari lýsing og myndir: <http://www.as.is/soluskra/eign/236192/>



**Tunguás 2 í Garðabæ.**  
**Verð tilboð.** 230 fm einbýlishús, fjögur svefnherbergi, falleg og góð eign með góðu útsýni. Kristbjörg tekur á mótí gestum. Nánari lýsing og myndir: <http://www.as.is/soluskra/eign/223423/>



**Norðurvangur 46 í H.f.**  
**Verð 41,9 millj.** 195 fm einbýlishús, fjögur svefnherbergi, mikið endurnýjuð eign, góð staðsetning. Kristín og Ólafur Hans taka á mótí gestum. Nánari lýsing og myndir: <http://www.as.is/soluskra/eign/233353/>



**Miðvangur 100 í Hf.**  
**Verð 45,9 millj.** 178 fm einbýlishús, fjögur svefnherbergi, mikið endurnýjuð eign, góð staðsetning. Guðbjörg tekur á mótí gestum. Nánari lýsing og myndir: <http://www.as.is/soluskra/eign/235134/>

**WHITECOLLAR**  
Hefst á þriðjudag á Stöð 2

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

2x2x2 BIO 2x2x2 EXTRA 2x2x2 EXTRA



SUÐURLANDSBRAUT 50 BLÁU HÚSIN Í SKEIFUNNI

WWW.HUSID.IS • S: 513-4300

VILHJÁLmur BJARNASON LÖGG. FAST.SALI

- Heilshugar um þinn hag -



**Miðbær - 800fm. í íbúðarhúsnæði**

Nánar tiltekið er um að ræða 2 einbýlishús og 2 fjöl-býlishús með samtals 9 íbúðir allar í útleigu. Mögulegt að innrétta 2 íbúðir til viðbótar í ónýttu rými. Lóðir allra húsanna liggja saman og er viðbótar byggingarmagn mögulegt. Spennandi fjárfestingakostur í miðbæ Reykjavíkur. Selst saman eða sitt í hvoru lagi. Allar frekari upplýsingar veitir Agnar í s. 820-1002 eða [agnar@husid.is](mailto:agnar@husid.is)

Suðurlandsbraut 50 / Bláu húsin í Skeifunni. [www.husid.is](http://www.husid.is) • s. 513 4300



# Brýnt er að leita til læknis sem fyrst eftir að slys á sér stað

Oft getur reynst nauðsynlegt að fá aðstoð lögfræðinga til að leysa úr tryggingamálum. Lögmannastofan Fortis hefur góða reynslu af að vinna með fólki sem lent hefur í slysum og hlotið skaða af. Niðurstaðan er langoftast sú að fólk fær skaðann sem það varð fyrir að fullu bættan.

Lögmenn upplifa oft að ungt fólk og þeir sem eru harðir af sér lenti í því að fá ekki slysabætur. Sif Thorlacius er einn sex lögmanna á lögmannsstofunni Fortis, þar sem unnið hefur verið að skaðabótamálum í 40 ár. Sif segir að þetta geti til dæmis átt við um unglinga sem lenda í umferðarslysum. „Ungt fólk, sem er ekki komið út á vinnumarkaðinn er ekkert endilega að velta tryggingamálum fyrir sér,“ segir Sif. „En auðvitað á þetta við um fleiri, það er bara verst að horfa upp á þetta í tilvikum unga fólksins sem fær ekki bættan tekjumissi sem það verður af á ævinni, af því að það á erfitt með að vinna eða læra vegna áverkanna.“

## Verður að bregðast fljótt við.

Sif segist líka verða vör við að margir séu vanir því að harka af sér og leiti ekki til læknis fyrr en langt sé liðið frá slysi. „Það hringdi til dæmis í mig kona um daginn sem hafði verið slæm af verkjum í talsverðan tíma. Að endingu fór hún til læknis sem þóttu einkennin sérstök. Hann spurði hvort eitthvað hefði komið fyrir. Það var fyrst þá sem hún áttaði sig á að verkirnir byrjuðu skömmu eftir að keyrt var aftan bílinn hennar fyrir tveimur árum. Ung dóttir hennar lenti líka í árekstrinum. Hún hafði þurft að hætta í tónlistarnámi vegna verkjanna, sem þær tengdu ekki við slysið fyrr en þetta seint.“ Sif segir að þetta gerist allt of oft. Þarna hafi of langur tími verið liðinn. Tryggingafélög geri kröfu um að það sé hægt að sanna að áverkar séu afleiðing slysa. „Það er ekki hægt að brýna það nóg fyrir fólki að leita til læknis sem fyrst eftir slys,“ segir Sif en bætir við að full ástæða sé samt til að kanna málið þó að nokkuð sé liðið frá slysinu.

## Skiptir máli hvar eða hvernig fólk slasast?

„Já, það getur skipt heilmiklu máli“, segir Sif. Hún bendir á að það sé talsverður munur á réttindum fólks eftir því hvort það lenti í slysi



Kristján B. Thorlacius og S. Sif Thorlacius ásamt Tinnu Björk Gunnarsdóttur á lögmannastofunni Fortis að Laugavegi 7.

MYND/GVA

í umferðinni, í vinnu eða í frítíma. Aftur skipti máli að bregðast fljótt við og tilkynna slysið sem fyrst. „Réttarstaða fólks getur verið afar mismunandi eftir því hvað kemur fyrir og hvernig það er tryggt. Það er kannski fyrst og fremst það sem við vinnum við að leysa úr og sem betur fer er niðurstaðan yfirleitt góð,“ segir Sif.

## Fólk verður að kynna sér skilmála vel

Hún segir að fólk haldi oft að það sé vel tryggt, en annað komi stundum á daginn. „Það eru margir með frítímaslysatryggingu inni í

sínum heimilstryggingum,“ segir Sif. „Mér finnst brenna við að fólk kynni sér skilmála trygginganna ekki nægilega vel. Það telur að nóg

**“ Ungt fólk, sem er ekki komið út á vinnumarkaðinn, er ekkert endilega að velta tryggingamálum fyrir sér.**

sé að vera með slíka tryggingu. En oft eru stífar takmarkanir á bóta-skyldu í þessum tryggingum.“

Sif tekur dæmi um mann sem leitaði til Fortis eftir að hafa slasast illa á hendi í frítíma og átti erf-

itt með að sinna starfi sínu vegna þess. „Læknar mátu hann með 12 prósent örorku eftir slysið. Maðurinn hélt að hann væri vel tryggður.

Í ljós kom að skilmálarnir í tryggingunni hans voru þannig að hann hefði þurft að hljóta 15 prósent örorku til að fá bætun,“ segir hún. „Maðurinn situr uppi með skerta starfsorku og engar bætun.“

Þannig getur því þurft aðstoð við að leysa úr tryggingamálum. „Um leið og fólk leitar til okkar á Fortis gerum við ráðstafanir til að tryggja réttarstöðu þess,“ segir Sif. „Svo öflum við allra þeirra fjölmörgu gagna sem þarf til að hægt sé að meta afleiðingar slyssins, sjáum um samskipti við lækna, tryggingafélagið og gerum allt sem þarf til að hægt sé að krefjast bóta. Þó að ferlið geti verið flókið er niðurstaðan langoftast sú að fólk fær skaðann sem það varð fyrir að fullu bættan.“

Nánari upplýsingar má nálgast á [www.fortis.is](http://www.fortis.is)

## Átt þú rétt á bótum eftir *slys*?

- Uppgjör slysa- og skaðabóta
- Öll almenn lögmannsstörf

Sími: 520 5800  
[www.fortis.is](http://www.fortis.is)

Gylfi Thorlacius hrl.  
Svala Thorlacius hrl.  
S. Sif Thorlacius hdl.

Kristján B. Thorlacius hrl.  
Guðmundur Ómar  
Hafsteinnsson hrl.

**FORTIS**  
Lögmannsstofa



# Slysabætur.is – „Mikilvægt að leita strax aðstoðar“

Slysabætur.is er einn öflugasti upplýsingavefur landsins á sínu sviði og fær hundruð heimsóknna í hverjum mánuði. Vefurinn er rekinn af JP lögmönnum sem búa yfir langri og mikilli reynslu af innheimtu slysabóta. Guðjón Ólafur Jónsson hæstaréttarlögmaður og Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómslögmaður eru meðal þeirra lögmanna stofunnar sem mest hafa aðstoðað fólk við innheimtu slysabóta. Að þeirra sögn er mikilvægt að fólki leiti strax til lögmanna hafi það orðið fyrir slysi.

**P**að er mjög mikilvægt að leita strax aðstoðar lögmanna og fá úr því skorið sem fyrst hvort maður kunni að eiga rétt á bótum. Þetta á við hvort sem fólk hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi, frítímaslysum eða öðrum hremmingum“, segir Guðjón Ólafur Jónsson, hæstaréttarlögmaður hjá JP Lögmönnum.

„Ferill skaðabótamála getur tekið mjög langan tíma og þess vegna er mikilvægt að setja sig í samband við lögmann sem fyrst. Hann getur þá farið í að afla nauðsynlegra gagna, svo sem læknisvottorða, og hefja samskipti við viðkomandi tryggingafélag. Það skiptir miklu máli að gera þessa hluti í tíma svo að ekki verði hætt á að málin farnist. Stundum kemur fólk hreinlega of seint svo málin eru fyrnd. Við leggjum líka áherslu á að fólk leiti til læknis strax eftir slys þannig að allar upplýsingar um áverka liggja þá þegar fyrir. Það hjálpar ótrúlega mikið til við framhaldið“ segir Guðjón Ólafur.

Að sögn Halldóru Þorsteinsdóttur héraðsdómslögmanns hjá slysabætur.is, leggja lögmennirnir áherslu á persónulega þjónustu og regluleg samskipti við skiptavinina sína. „Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar persónulega þjónustu og greiðan aðgang að lögmönnum stofunnar. Eins verður að hafa í huga að þessi mál geta verið viðkvæm og því er mikilvægt að fólk upplifi að lögmaðurinn sé mannlegur og tilbúinn að ræða hlutina á persónulegum nótum. Þetta er stundum eins og nokkurs konar sálægsla,“ segir Halldóra. Aðspurð um feril skaðabótamála segir hún að það geti verið misjafnt eftir málum en mörg þeirra séu fremur einföld í sniðum.

„Þetta fer yfirleitt þannig fram að við hittum þann sem hefur orðið fyrir slysi og fáum hjá honum umboð til þess að afla gagna, semja um bætur og þess háttar. Við óskum síðan eftir gögnum frá viðkomandi tryggingafélagi, lögreglu-



Guðjón Ólafur Jónsson hæstaréttarlögmaður og Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómslögmaður hvetja fólk til að leita til lögmanna sem fyrst eftir slysi.

## Slysabætur.is – upplýsingar á mannamáli!

Á slysabætur.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar tegundir slysamála, feril þeirra og kostnað, svo og svör við algengum spurningum tjónþola, auk góðra ráða þeim til handa. Bæði segja þau Guðjón Ólafur og Halldóra að slysabætur.is hafi hjálpað fjölmörgum. Þar sé að finna svör við ýmsum spurningum þeirra sem orðið hafa fyrir slysum um rétt þeirra til bóta og hvað þurfi að gera til að af greiðslu þeirra geti orðið. „Þarna er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar

á mannamáli“ segir Halldóra. „Við pössuðum okkur á að hafa textann vel skiljanlegan almenníngi en ekki bara samansafn lögfræðifrasa. Við svörum síðan frekari fyrirspurnum, hittum viðkomandi og fylgjum honum sjálf í gegnum ferlið allt þar til við erum búin af fá bæturnar greiddar og skila þeim af okkur.“ bætir Guðjón Ólafur við. Hægt er að ná á Guðjóni Ólafi og Halldóru í s. 588-5200 eða senda fyrirspurn á slysabætur@slysabætur.is.

**” Eins verður að hafa í huga að þessi mál geta verið viðkvæm og því er mikilvægt að fólk upplifi að lögmaðurinn sé mannlegur og tilbúinn að ræða hlutina á persónulegum nótum.**

skýrslum, vottorðum lækna og öðru sem kann að hafa þýðingu fyrir mál viðkomandi. Jafnframt sendum við umbjóðendur okkar til frekari rannsókna hjá læknum eða öðrum sérfræðingum eftir því sem nauðsyn krefur. Við leggjum áherslu á að eins ítarlegar upplýsingar liggja fyrir um tjón viðkomandi og hægt er. Þetta endar svo yfirleitt því lögmaðurinn og viðkomandi tryggingafélag biðja sameiginlega um mat á líkamstjóni umbjóðandans. Við förum með umbjóðandanum á matsfund og gerum síðan upp skaðabætur við tryggingafélagið þegar matið liggur fyrir“ segir Halldóra. Hún bætir þó við að í sumum tilvikum geti málin þó óneitanlega orðið töluvert flóknari en þetta.

Guðjón Ólafur bætir við að slysabætur.is aðstoði einnig einstaklinga sem orðið hafa fyrir líkamsárás eða kynferðisofbeldi. „Við sinnum réttargæslustörfum fyrir fórnarlömb kynferðisbrota og líkamsárása og gætum hagsmuna þeirra bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Við höfum mikla reynslu í þessum málum,“ segir Guðjón Ólafur og bætir við að fórnarlömb kynferðisbrota og alvarlegra líkamsárása eigi yfirleitt rétt á að fá tilnefndan réttargæslumann sér að kostnaðarlausu.

„Við svörum öllum fyrirspurnum sem berast til okkar og leggjum metnað okkar í að aðstoða alla þá sem við getum“ segir Guðjón Ólafur. „Það kostar ekkert að spyrja.“

**Kannaðu málið – það kostar ekkert!**

# SLYSABÆTUR.is



UMFERÐARSLYS



VINNUSLYS



FRÍTÍMASLYS



LÍKAMSÁRÁS



KYNFERÐISBROT



LÆKNAMISTÖK



# Traust, þekking og árangur

Lögmennstofan TORT er rekin af lögmönnum með langa og víðtæka reynslu af innheimtu slysabóta. Frá stofnun árið 2007 hefur fyrirtækið annast hagsmunagæslu fyrir fjölda Íslendinga vegna afleiðinga slysa.

TORT er fyrsta lögmennstofan á Íslandi sem sérhæfir sig í uppgjörum vegna slysabóta. Fyrirtækið hefur kynnt þjónustu sína frá stofnun árið 2007 þegar fimm lögfræðingar með langa og mikla reynslu af slysamálum ákváðu að skapa umgjörð utan um þá þjónustu. Þorsteinn Einarsson hæstaréttarlögmaður og einn eigenda TORT segir að kynningunni megi þakka þá staðreynd að íslenskur almenningur er betur upplýstur um réttarstöðu sína en áður.

„Við riðum á vaðið með því að kynna þessa þjónustu. Sú nálgun var nýbreytni á sínum tíma. Fram að því höfðu lögfræðingar verið frekar feimnir við að kynna þjónustu sína og fólk því almennt ekki vel upplýst um réttarstöðu sína. Má nefna að þá gætti misskilnings um stöðu þeirra sem lentu í umferðarslysum og voru í órétti, en meginreglan er sú að þeir aðilar eru einnig tryggðir vegna tjóns sem þeir verða fyrir. Okkar markmið hjá TORT er fyrst og fremst að gæta þess að tjónþolar fái fullar bætur vegna tjóns síns. Lögmenn Tort hafa flutt fjölda mála fyrir dómstólum til innheimtu slysabóta og má nefna að á árinu 2011 fluttu lögmenn Tort 9 af 22 málum sem dæmd voru í Hæstarétti og voru um bætur vegna líkamstjóns.“

## Lögfræðileg aðstoð mikilvæg

Að sögn Þorsteins er oft ekki auðsótt að leita réttar síns vegna afleiðinga slysa. Því sé rétt að leita sér aðstoðar sérfræðinga í því skyni.

„Í upphafi þarf tjónþoli að leita upplýsinga um hvort hann kunni að eiga rétt á bótum og þess vegna er mikilvægt að leita sem fyrst til lögfræðings. Ef bótaréttur er fyrir hendi er hafist handa við rekstur málsins, sem getur tekið langan tíma. Yfirleitt líður ekki skemmri tími en ár frá því að slys gerist og þar til mál er gert upp og slysabætur eru greiddar. Svo er að mörgu að hyggja sem getur hæglega vafist fyrir venjulega fólk sem hefur kannski ekki faglegar forsendur til að meta málsatvik á réttum grundvelli. Þess vegna er miklu betra að ráðfæra sig við lögmenn.“



„Við hjá leggjum okkur fram við að veita viðskiptavinum okkar persónulega og faglega þjónustu,“ segir Þorsteinn, hér ásamt samhentum hópi starfsmanna hjá Tort.

MYND/GVA



Þorsteinn Einarsson, hæstaréttarlögmaður og einn eigenda Tort, segir markmið fyrirtækisins fyrst og fremst vera að gæta þess að tjónþolar fái fullar bætur vegna tjóns síns.

## Flókið ferli

